

Skýrsla

stjórnar og nefnda lækna ráðs

Starfsárið 2014 - 2015



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Skýrsla stjórnar og nefnda læknaráðs

Starfsárið 2014 - 2015



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Mái 2015

Efnisyfirlit

Stjórn læknaáðs LSH	3
Almennir fundir læknaáðs	4
Skýrsla formanns læknaáðs starfsárið 2014 – 2015	5
Skýrslur nefnda læknaáðs starfsárið 2014-2015	11
Ársskýrsla fræðslunefndar læknaáðs Landspítala starfsárið 2014 - 2015	11
Ársskýrsla stöðunefndar læknaáðs Landspítala starfsárið 2014 - 2015	13
Ársskýrsla valnefndar læknaáðs Landspítala starfsárið 2014 - 2015	
Árskýrslur frá nefndum skipaðar af framkvæmdastjórn með fulltrúa læknaáðs LSH	14
Siðanefnd LSH	15
Vísindaráð Landspítala háskólasjúkrahúss	16
Starfsemi eftirlitsnefndar með notkun rafrænnar sjúkraskrár	18
Fylgiskjöl	19
Fylgiskjal nr. 1 Starfsreglur fyrir læknaáð LSH	19
Fylgiskjal nr. 2 Starfs- og gjafasjóður læknaáðs LSH	22
Fylgiskjal nr. 3 Erindisbréf valnefndar læknaáðs	26
Fylgiskjal nr. 4 Erindisbréf fræðslunefndar læknaáðs	28
Fylgiskjal nr. 5 Erindisbréf stöðunefndar læknaáðs	29
Fylgiskjal nr. 6 Bréf til forstjóra dags. LSH, 13. apríl 2015 í tengslum við kjarasamning lækna við ríkið.	31
Fylgiskjal nr. 7 Ályktanir aðalfundar læknaáðs Landspítala 9. maí 2014	33
Fylgiskjal nr. 8 Ályktun læknaáðs Landspítala 24. september 2014	35
Fylgiskjal nr. 9 Ályktun læknaáðs Landspítala 22. október 2014	36
Fylgiskjal nr. 10 Ályktun læknaáðs Landspítala 3. desember 2014.....	37
Fylgiskjal nr. 11 Ályktun læknaáðs Landspítala 13. apríl 2015	38
Fylgiskjal nr. 12 Ályktun um verkföll hjá starfsmönnum Landspítala	39
Fylgiskjal nr. 13 Aðalfundur læknaáðs 9. maí 2014.....	40
Fylgiskjal nr. 14 Almennur læknaáðsfundur 26. september 2014	43
Fylgiskjal nr. 15 Almennur læknaáðsfundur 17. október 2014	44
Fylgiskjal nr. 16 Almennur læknaáðsfundur 24. apríl 2015	45
Fylgiskjal nr. 17 Fræðslufundir læknaáðs starfsárið 2014 - 2015, 13.apríl 2015.....	46
Fylgiskjal nr. 18 Verkföll hjá veikri þjóð.....	48



Örn Þ. Þorvarðarson, Ólafur Samúelsson, Rafn Hilmarsson, Ingunn Þorsteinsdóttir, Ebba Margrét Magnúsdóttir.
Fremri röð frá vinstri: Anna Gunnarsdóttir, Maríanna Garðarsdóttir, Sólveig Hafsteinsdóttir, Sif Hansdóttir.

Stjórn lækna ráðs:

Anna Gunnarsdóttir barnaskurðlæknir, formaður

Ebba M. Magnúsdóttir kvensjúkdóma- og fæðingalæknir, varaformaður

Meðstjórnendur:

	Aðalmaður	Varamaður
Fulltrúi lækna geðsviðs	Birna G. Þórðardóttir geðlæknir	Hjördís Þórey Þorgeirsdóttir geðlæknir
Fulltrúi lækna kvenna- og barnasviðs	Sólveig Hafsteinsdóttir barnalæknir	Sigurður Kristjánsson barnalæknir
Fulltrúi lækna lyflækningasviðs	Sif Hansdóttir lungnalæknir	Dóra Lúðvíksdóttir lungnalæknir
Fulltrúi lækna rannsóknasviðs	Ingunn Þorsteinsdóttir sérfræðingur í klínískri lífefnafræði	Maríanna Garðarsdóttir röntgenlæknir
Fulltrúi lækna aðgerðasviðs	Einar Örn Einarsson svæfingalæknir	Sigurbjörg J. Skarphéðinsdóttir svæfingalæknir
Fulltrúi lækna skurðlækningasviðs	Rafn Hilmarsson þvaggfæraskurðlæknir	Hjörtur F. Hjartarson bæklunarskurðlæknir
Fulltrúi lækna flæðisviðs	Ólafur Samúelsson öldrunarlæknir	Friðrik Yngvason lungnalæknir
Fulltrúi deildarlækna	Telma Huld Ragnarsdóttir	Arnar Þór Tulinius

Skrifstofustjóri lækna ráðs:

Örn Þ. Þorvarðarson stjórnmaláfræðingur og M.Sc. í stjórnun heilbrigðisþjónustu

Almennir fundir lækna ráðs

Aðalfundur lækna ráðs var haldinn 9. maí 2014. Frá 10. maí 2014 til 28. maí 2015 hafa verið haldnir 3 almennir fundir lækna ráðs. Fundargerðir þessara funda birtast síðar í þessari skýrslu.

Sjá fylgiskjöl nr. 14 - 16.

26. september 2014: Efni: **Samskipti lækna við lyfjafyrirtæki – nýjar reglur**

Frummælandi:

- **Jakob Falur Garðarsson**

17. október 2014: Efni: **Staðan á Landspítala**

- **Tómas Guðbjartsson yfirlæknir**
- **Þorbjörn Jónsson formaður LÍ**
- **Páll Matthíasson, forstjóri LSH**

24. apríl 2015: Efni: **Betri heilbrigðisþjónusta 2013 – 2017**

**Yfirlýsing ráðherra og LÍ/SKÍ í tengslum við gerð kjarasamninga lækna
Hvernig náum við þeim markmiðum?**

- **Björn Zoéga formaður verkefnastjórnar um betri heilbrigðisþjónustu**

Skýrsla formanns læknaáðs starfsárið 2014 – 2015

1. Stjórn læknaáðs Landspítala

Breytingar urðu á skipuriti Landspítala á starfsárinu sem tóku gildi 1. september 2014. Við breytingarnar var hinum klínísku sviðum fjölgað um eitt svið, ásamt flutningum á ýmsum deildum innan sviða. Var ákveðið af stjórn læknaáðs í samráði við formann Valnefndar læknaáðs að skipa nýja fulltrúa í stjórn læknaáðs og flytja til vissa innan stjórnar til að tryggja að í stjórn sætu fulltrúar allra sviða fram að næsta aðalfundi. Helstu breytingarnar urðu á Lyflækninga- og Skurðlækningasviði. Nýjir fulltrúar voru tilkallaðir af fulltrúum í stjórn læknaáðs sem fyrir voru. Ekki voru gerðar breytingar í stjórnnum fastanefnda til að koma á móts við þessar skipulagsbreytingar heldur var ákveðið að það myndi bíða aðalfundar í maí 2015.

Stjórn læknaáðs Landspítala starfsárið 2014-2015 skipuðu;

Anna Gunnarsdóttir barnaskurðlæknir, formaður

Ebba Margrét Magnúsdóttir kvensjúkdómalæknir, varaformaður

Flæðisvið: **Ólafur Helgi Samúelsson** aðalfulltrúi og **Friðrik Yngvason** varamaður.

Lyflækningasvið: **Sif Hansdóttir** aðalfulltrúi og **Dóra Lúðvíksdóttir** varamaður.

Skurðlækningasvið: **Rafn Hilmarsson** aðalfulltrúi og **Hjörtur F. Hjartarson** varamaður.

Kvenna- og barnasvið: **Sólveig Hafsteinsdóttir** aðalfulltrúi og **Sigurður Kristjánsson** varamaður.

Geðsvið: **Birna G. Þórðardóttir** aðalfulltrúi og **Þórgunnur Ársælsdóttir** varamaður í byrjun starfsárs. **Hjördís Þórey Þorgeirsdóttir** tók síðan við stöðu varamans fyrir Geðsviðið í september 2014.

Aðgerðasvið: **Einar Örn Einarsson** aðalfulltrúi og **Sigurbjörg J. Skarphéðinsdóttir** varamaður.

Rannsóknasvið: **Ingunn Þorsteinsdóttir** aðalfulltrúi og **Marianna Garðarsdóttir** varamaður.

Deildarlæknar: **Telma Huld Ragnarsdóttir** aðalfulltrúi og **Arnar Þór Tulinius** varamaður.

Skrifstofustjóri læknaáðs **Örn Þ. Þorvarðarson** sinnti störfum ritara fyrir stjórn læknaáðs.

2. Stjórnarfundir

Samkvæmt starfsreglum læknaáðs hefur stjórn læknaáðs fundað að jafnaði tvisvar í mánuði, oftast ef tilefni stóð til. Að venju voru fáir fundir yfir sumartímamann vegna sumarfría og almennt minni umsvifa í stjórnkerfi spítalans og ríkisins. Stjórnarfundir voru haldnir á miðvikudögum og voru þeir samtals 15. Fundirnir hafa flestir verið haldnir á Landspítalanum við Hringbraut að undanskildum einum fundi sem haldinn var í Hörpunni í tengslum við Læknadaga í janúar og einum á heimili formanns.

Á fundunum voru ýmis málefni tengd læknum og Landspítala rædd og má fullyrða að almennt hafi verið góð samstaða meðal stjórnarmanna um öll helstu mál og aldrei þurfti að útkljá mál með formlegri atkvæðagreiðslu. Því miður var þó áfram áberandi hversu erfitt er að fyrir hóp lækna að safnast saman á fundum vegna annarra anna, sem endurspegladist í fámenni á fundum þrátt fyrir að bæði aðalmenn og varamenn væru boðaðir á fundi. Er það miður og veikir klárlega upplýsingaflæði til stjórnar læknaáðs um ástand á hinum ýmsu deildum og sviðum. Betur má ef duga skal, ef stjórn læknaáðs á að geta sinnt starfi sínu með sóma.

3. Almennir læknaáðsfundir

Í samræmi við starfsreglur læknaáðs voru á síðasta starfsári haldnir þrjár almennir læknaáðsfundir, tveir á haustmisseri og einn á vormisseri. Fundargerðir þessara funda má sjá aftar í ársskýrslunni (fylgiskjöl 14-16). Allir fundirnir voru haldnir á föstudögum í Hringisal við Hringbraut.

Fyrsti almenni læknaáðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 14) var haldinn 26. september 2014 undir yfirskriftinni "*Samskipti lækna við lyfjafyrirtæki-nýjar reglur*".

Frummælandi var **Jakob Falur Garðarsson** frá Frumtökum, samtökum frumlyfjaframleiðenda.

Annar almenni læknaáðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 15) var haldinn 17. október 2014 með fyrirsögnina "*Staðan á Landspítala*".

Frummælendur voru **Tómas Guðbjartsson** prófessor og yfirlæknir á brjóstholsskurðeild, **Þorbjörn Jónsson** formaður LÍ og **Páll Matthíasson** forstjóri Landspítala.

Þriðji almenni læknaáðsfundur vetrarins (fylgiskjal nr. 16) var haldinn 24. apríl 2015 með fyrirsögnina "*Betri heilbrigðisþjónusta 2013-2017. Yfirlýsing ráðherra og LÍ/SKÍ í tengslum við gerð kjarasamninga lækna. Hvernig náum við þeim markmiðum?*"

Frummælandi var **Björn Zoëga** formaður verkefnastjórnar um betri heilbrigðisþjónustu.

4. Fræðslufundir læknaráðs

Óbreytt frá fyrra starfsári voru fræðslufundir haldnir kl: 8 í Hringisal við Hringbraut, annan föstudagsmorgun í hverjum mánuði yfir vetrartímann. Yfirlit yfir fundarefni má sjá í fylgiskjali nr. 17. Fræðslunefndin hefur boðið upp á fjölbreytileg fundarefni yfir veturinn, fundarsókn hefur verið til fyrirmyndar og almenn ánægja hefur verið meðal lækna með fundina.

Jólafundur læknaráðs var haldinn 12. desember 2014 þar sem **Torfi Magnússon** taugalæknir á Landspítala talaði um "Valdavíma-valdafíkn-valdhroki"

Jólafundurinn var að venju mjög vel sóttur og ánægjulegt að sjá hve margir kollegar sem látið hafa af störfum mættu á fundinn. Boðið var upp á jólakaffi eftir fundinn að venju. Að mati stjórnar læknaráðs og fræðslunefndar þess er jólafundurinn búinn að festa sig í sessi sem hluti af hátíðarundirbúningi jólanna.

5. Ályktanir aðalfundar læknaráðs 17. maí 2013

Á aðalfundi Læknaráðs 9. maí 2014 voru samþykktar þrjár ályktunartillögur (fylgiskjal nr. 7). Ályktanirnar snertu mikilvæg mál og voru fyrst og fremst áskorun á stjórnvöld um að setja Landspítalann í forgang hvað varðar sameiningu spítalans í byggingu nýs spítala, endurnýjun á tækjabúnaði og að sporna við fyrirsjáanlegum læknskorti.

Umræður voru um ályktanirnar og var þeim vísað aftur til stjórnar læknaráðs til endanlegrar afgreiðslu.

Fyrsta ályktun aðalfundarinnar hljóðaði svo:

Landspítalinn er þjóðarsjúkrahús þar sem yfir 80% af allri þjónustu spítalans er sérhæfð þjónusta sem hvergi er veitt annars staðar á landinu. Landspítalinn stendur á tímamótum og ljóst er að ekki má draga það lengur að finna lausn á húsnæðisvanda spítalans. Landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala hafa verið stofnuð og skorar læknaráð Landspítala á stjórnvöld um að sameinast með þverpólítísku átaki um að leysa húsnæðisvanda spítalans hið fyrsta.

Önnur ályktunin var svohljóðandi:

Skortur á læknum við Landspítala og erfiðleikar við að fá unga sérfræðinga erlendis frá til starfa við spítalann er vaxandi vandamál. Meðalaldur lækna starfandi við spítalann fer hækkandi með hverju árinu og nú er svo komið að 65% yfirlækna og um helmingur sérfræðilækna spítalans eru eldri en 55 ára.

Læknaráð Landspítala vill vekja athygli heilbrigðisyfirvalda á þessu vaxandi vandamáli. Skorunum við á stjórnvöld að bregðast við hið fyrsta til að tryggja góða og aðlaðandi starfsaðstöðu. Gera þarf Landspítalann að samkeppnishæfum vinnustað

fyrir unga sérfræðinga og tryggja þannig eðlilega endurnýjun starfskrafta lækna við spítalann.

Sú þriðja fjallaði um tækjabúnað Landspítala og hljóðaði svo:

Tækjabúnaður á Landspítala er að niðurlotum kominn eftir margra ára niðurskurð. Aukafráveiting árið 2014 dugir skammt til að bæta upp það tap sem hefur orðið á undanförunum árum. Betur má ef duga skal. Almenn tæki eins og tölvusneiðmyndataeki bila reglubundið við spítalann vegna ofnotkunar. Landspítalinn er að verða eina háskólasjúkrahúsið á Norðurlöndum sem er ekki búíð jáeindaskanna og aðgerðarþjarka. Ljóst er að ef við gerum kröfu um að standa undir nafni sem háskólasjúkrahús og geta boðið sjúklingum sömu meðferð og rannsóknartækni og nágrannalönd okkar þarf verulega innspýtingu fjármagns í tækjabúnað spítalans.

Læknaráð Landspítala skorar á stjórnvöld að setja Landspítalann í forgang til að tryggja spítalanum þann búnað og tækjakost sem þarf til að tryggja öryggi sjúklinga og nútímagæði í þjónustu hans.

6. Aðrar ályktanir frá læknaráði Landspítala 2014-2015

Aðrar ályktanir frá læknaráði á starfsárinu má sjá í fylgiskjölum 7-12.

Læknaráð ályktaði um málefni Landspítalans í lok september þegar fjárlagafrumvarp fyrir árið 2015 var birt og olli gríðarlegum vonbrigðum (fylgiskjal nr. 8).

Tvær ályktanir sendi læknaráð frá sér sem snertu verkfall lækna, annars vegar í lok október og hins vegar í byrjun desember með áskorun til stjórnvalda um að leysa deiluna (fylgiskjöl nr. 9-10).

Nú á vordögum hefur læknaráð sent frá sér tvær ályktanir með áskorun til stjórnvalda til að leysa kjaradeilu ríkisins við BHM og félag hjúkrunarfræðinga (fylgiskjöl nr. 11-12).

7. Starfsreglur læknaráðs

Starfs- og gjafasjóður Læknaráðs starfar samkvæmt reglum sem settar voru árið 2003. Iðgjöld í sjóðinn eru valgreiðslur fyrir alla sérfræðinga starfandi við LSH og var iðgjaldið óbreytt, 2.000kr/ári eftir hækkun á aðalfundi 2013. Af um 630 læknum spítalans sem tilheyra læknaráði hafa rúmlega 150 lækna þátt í störfum gjafasjóðs með framlögum sínum þetta árið. Ljóst er að áhugi lækna spítalans hefur farið minnkandi hin síðari ár til þátttöku í sjóðnum, en var hann þó rekinn með minniháttar tapi s.l. starfsár þar sem við höfum lækkað gjafakostnað um umsýslukostnað frá árinu 2013. Í stjórn starfs- og gjafasjóðs sitja formaður, varaformaður og aðalfulltrúi úr læknaráði, sem hefur verið Birna G. Þórðardóttir geðlæknir s.l. starfsár.

Starfs- og gjafasjóður Læknaráðs færir læknum spítalans gjafir á merkisdögum í lífi þeirra skv. venju, það er á sextugs- og sjötugsafmæli þeirra eða við starfslok vegna aldurs. Einnig er hlutverk sjóðsins að minnast látinna starfsfélaga með gjöf eða framlagi. Við héldum þeirri nýbreytni sem hófst 2012 að gjafir til þeirra kollega sem urðu 70 ára eða áttu starfslok vegna aldurs á árinu 2014 voru afhentar á fjölmönnum jólafundi fræðslunefndar læknaráðs í desember. Almenn ánægja fundarmanna var um þetta fyrirkomulag og þykir hátíðleg stund.

Að þessu sinni voru það eftirtaldir læknar sem urðu 70 ára á árinu 2014, í aldursröð, ásamt Guðmundi Vikari Einarssyni sem lét af störfum á árinu fyrir 70 ára afmælið;

Einar Már Valdimarsson, taugalæknir
Kristrún Benediktsdóttir, meinafræðingur
Sigurður Þorgrímsson, barnalæknir
Sigurður V. Sigurjónsson, röntgenlæknir
Sigurjón B. Stefánsson, geðlæknir og taugalífeðlisfræðingur
Grétar Guðmundsson, taugalæknir
Ólafur Z. Ólafsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir
Guðmundur Vikar Einarsson, þvagfæraskurðlæknir

Yfirfarnir reikningar sjóðsins hafa verið samþykktir af stjórn læknaráðs án athugasemda (fylgiskjal nr. 2). Tap á rekstri sjóðsins nam 18.536 kr., töluvert minna tap en árið áður. Stjórn læknaráðs vill nota tækifærið og hvetja lækna spítalans að taka þátt í starfsemi sjóðsins með framlögum sínum.



Á myndinni eru frá vinstri; Einar Már Valdimarsson taugalæknir, Ólafur Z. Ólafsson svæfingalæknir, Sigurjón B. Stefánsson geðlæknir, Sigurður Þorgrímsson barnalæknir, Sigurður V. Sigurjónsson röntgenlæknir og Guðmundur Vikar Einarsson þvagfæraskurðlæknir. Kristrún Benediktsdóttir meinafræðingur og Grétar Guðmundsson taugalæknir komust ekki á fundinn.

9. Nefndir læknaráðs

Samkvæmt starfsreglum Læknaráðs eru fastanefndir þrjár, það eru;

- 1) Stöðunefnd, formaður **Sigurður Kristjánsson**.
- 2) Fræðslunefnd, formaður **Páll E. Ingvarsson**.
- 3) Valnefnd, formaður **Gylfi Óskarsson**.

Engar breytingar hafa verið á erindisbréfi né starfsemi stöðunefndar á síðastliðnu starfsári.

Valnefndin hefur unnið heilmikið starf nú á vordögum fyrir aðalfundinn þar sem margir í stjórn læknaráðs og fastanefndum þess hafa setið full fjögur ár og fyrirséð er að töluverðar mannabreytingar verði í þeim stjórnnum. Erfitt hefur þó verið að fá lækna að taka að sér aukastörf sem þessi og birtist það helst í að ekki hefur tekist að finna fulltrúa í öll laus pláss í fastanefndum, fyrsta skipti síðan valnefnd tók til starfa árið 2011.

Fræðslunefnd hefur skipulagt mánaðarlega fræðslufundi, og sjá má fundarefni í fylgiskjali 17.

Formenn nefnda hafa gert skriflega grein fyrir starfi sínu á liðnu starfsári og má lesa skýrslur þeirra aftar í þessari ársskýrslu (bls. 11-13).

Stjórn læknaráðs hefur sent frá sér beiðni til forstjóra Landspítalans um launahækkun sem samsvarar einu þrepi fyrir stjórnarstörf í stjórn læknaráðs og fastanefndum þess. Þessi beiðni er í athugun og ekki liggur svar fyrir. Telur stjórn læknaráð að slík umbun myndi hvetja lækna til virkari þátttöku í stjórnarstarfi læknaráðs og nefndum þess.

10. Nefndir á vegum Landspítala með fulltrúa tilnefnda af læknaráði

Læknaráð á fulltrúa í allmörgum nefndum á vegum framkvæmdastjórnar Landspítala. Þessar nefndir og fulltrúar læknaráðs eru tilgreindir í eftirfarandi töflu. Sjá ársskýrslur eftirfarandi nefnda (bls. 14-18).

Fyrirsjáanlegar breytingar eru að Inga S. Þráinsdóttir hefur ekki tók á að halda áfram sem varamaður Sigrúnar í Siðanefnd og því þörf á nýjum fulltrúa þar. Breytingar voru gerðar á skipulagi Lyfjanefndar Landspítala árið 2013 og hefur læknaráð ekki lengur fulltrúa í þeirri nefnd.

Nefnd	Fulltrúi læknaráðs	Varamaður
Siðanefnd	Sigrún Reykdal	Inga S. Þráinsdóttir
Siðfræðinefnd	Halldór Kolbeinsson	Jakob Jóhannsson
Eftirlitsnefnd um sjúkraskrár	Halldóra Jónsdóttir	
Vísindaráð	Gísli H. Sigurðsson	Jón Jóhannes Jónsson
	Þorvarður Löve	Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir

11. Breytingar á skipuriti Landspítala

Breytingar urðu á skipuriti Landspítala sem tók gildi 1. september 2014.

Breytingarnar fólu í sér uppstökkun á hinum klínísku sviðum spítalans sem var fjölgað úr sex í sjö. Einnig var innbyrðis skipting deilda milli sviða breytt, sérstaklega á stóru sviðunum Lyflækninga- og skurðlækningasviði. Hin nýju svið voru Flæðissvið, Lyflækningasvið, Skurðlækningasvið, Kvenna- og Barnasvið, Geðsvið, Aðgerðasvið og Rannsóknasvið. Funduðu formaður og varaformaður í lok maí með forstjóra Landspítala um fyrirhugaðar breytingar sem voru einnig ræddar á stjórnarfundum læknaáráðs. Stjórn læknaáráðs sá helstu hugsanlegu vankanta á nýrri sviðaskiptingu, að með því að skipta fyrra skurðlækningasviði í skurðlækningasvið og aðgerðasvið, þar sem skurðstofur og gjörgæsludeildir tilheyrja ekki sama rekstrarsviði og skurðlækningar, gæti komið til hagsmunaárekstra sem gætu leitt til verri þjónustu við aðgerðarsjúklinga með verri nýtingu á skurðstofum. Þessar athugasemdir voru byggðar á reynslu stjórnarmeðlima læknaáráðs af sams konar breytingum á skipulagi á sjúkrahúsum erlendis frá. Að örðu leiti leit stjórn læknaáráðs á breytingarnar á jákvæðan hátt.

12. Rekstur og fjárveitingar til Landspítala

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2015 kom út á haustdögum að venju og ollu læknum gríðarlegum vonbrigðum þar sem ákveðnar væntingar voru til staðar eftir síðustu kosningar um að þverpólítísk samstæða og skilningur væru til að styrkja heilbrigðiskerfið. Enn á ný átti að svelta Landspítalann. Ljóst er, eins og læknaáráð Landspítala, framkvæmdastjórn spítalans sem og önnur fagfélög lækna hafa endurtekið bent á undanfarin ár, að staðan á Landspítala er ólíðanleg fyrir sjúklinga og starfsmenn hans. Aðbúnaður sjúklinga er óásættanlegur, eðlilegu viðhaldi og endurnýjun á húsnæði og tækjabúnaði spítalans er ábótavant. Ljóst er að um verulega innspýtingu fjármagns til spítalans þarf til að snúa við þessari óheillaþróun. Læknaáráð Landspítala sendi frá sér harðorða ályktun í lok september með áskorun til Alþingi Íslands að endurskoða fjárlagafrumvarpið með tilliti til þarfa spítalans (fylgiskjal nr. 8). Fjárlagafrumvarpið tók sem betur fer töluverðum breytingum í umfjöllun Alþingis þar til fjárlög lágu fyrir í lok árs, en merkilegt að það þurfi að endurtaka þennan sama feril ár eftir ár til að sýna fram á mikilvægi góðrar heilbrigðisþjónustu í velferðarþjóðfélagi sem okkar.

13. Tækjamál Landspítala-aðgerðarþjarkur

Áfram voru umræður um tækjamál Landspítalans í brennidepli á síðasta starfsári og eru netpóstar til lækna innan spítalans orðin ansi margir þar sem tilkynningar berast um bilanir á mikilvægum myndgreiningatækjum, ýmist frá Fossvogi eða Hringbraut og hliðrun á starfsemi vegna þessa. Læknaáráð sendi frá sér ályktun eftir aðalfund í maí 2014 um tækjabúnað Landspítala (fylgiskjal nr. 7) með áskorun til stjórnvalda að leggja til fé til að tryggja spítalanum þann búnað og tækjakost sem þarf til að tryggja öryggi sjúklinga og nútímagæði í þjónustu hans.

Draumur margra um aðgerðarþjarkur á Landspítala varð að veruleika í júní 2014. Landsöfnun með Eirík Jónsson yfirlækni á þvafæraskurðeild í fararbroddi skilaði loks árangri og voru fyrstu aðgerðirnar framkvæmdar í janúar 2015 af Rafni Hilmarssyni þvafæraskurðlækni. Vakti það verðskuldaða athygli og ánægjulegt að sjá þá að einmitt aðsókn ungra sérfræðinga á þvafæraskurðeild og kvennadeild, þar sem aðgerðarþjarkurinn er mest notaður, hefur aukist, sem endurspeglar a.m.k. að hluta til hversu mikilvægt er að hafa nútímabúnað til að tryggja löðun ungra sérfræðinga til starfa við spítalann.

14. Nýr Landspítali- Spítalinn okkar

Aðalfundur læknaáráðs Landspítala sendi frá sér enn á ný ályktun aðalfundar í maí 2014 (fylgiskjal nr. 7) með áskorun á stjórnvöld að leysa húsnæðisvanda Landspítala og hefja stækkun hans hið fyrsta.

Ljóst er að húsnæðisvandi spítalans er gríðarlegur og framtíðarlausn hlýtur að felast í sameiningu á starfseminni á einn stað. Hægt gengur þó með áætlanir nýja Landspítalans og bíðum við enn varanlegar lausnar á húsnæðisvanda spítalans....og bíðum... og bíðum..

15. Umsóknir um stöður sérfræðinga á Landspítalanum

Heldur fleiri auglýstar stöður sérfræðilækna voru þetta starfsárið en það fyrra. Samtals bárust 33 umsóknir í 24 auglýstar stöður sérfræðilækna í 11 mismunandi sérgreinum, sem stöðunefnd læknaáráðs fjallaði um og mat. Því voru að meðaltali 1,4 umsóknir um hverja stöðu sem er svipað hlutfall og á fyrra starfsári. Oftast er aðeins um einn umsækjanda að ræða um hverja stöðu og því nauðsynlegt að vinna áfram markvisst að löðun sérfræðilækna erlendis frá til að sækja um stöður á Landspítala.

16. Verkföll á Landspítala!

Að öðru ólöstuðu var þetta ár, ár verkfalla á Landspítala, og í skrifuðum orðum ekki enn séð fyrir endapunktinn á þeirri ótrúlegri stöðu. Læknar riðu á vaðið í lok október eftir að hafa sinnt vinnu sinni án gildandi kjarasamnings í nær níu mánuði. Verkfall lækna varð veruleiki með vinnustöðvun í lotum hjá bæði aðildarfélögum LÍ og SKÍ. Mikil samstaða var meðal lækna, þó erfitt hafi verið gagnvart sjúklingum þeirra að halda vinnustöðvun til streitu. Læknaráð hefur samkvæmt venju haldið sig utan hefðbundinnar stéttarfélagabaráttu en sendi frá sér ályktanir um ástandið bæði í október og desember 2014 (fylgiskjöl nr. 9 og 10) þar sem áhyggjur þess um öryggi sjúklinga var ítrekað og skorað á stjórnvöld að leysa deiluna hið fyrsta. Kjarabaráttan dróst á langinn og var ekki samið við lækna fyrr en í janúar og höfðu þá allmargir læknar sagt upp störfum sínum í mótmælaskyni. Sem betur fer hafa flestir þeirra dregið uppsagnir sínar til baka og haldið störfum áfram á Landspítala.

Verkfallshrinan hefur síðan bara haldið áfram, starfsmenn í aðildarfélögum BHM hafa nú verið í verkfalli í 7 vikur þegar þetta er skrifað með gríðarlegri röskun á starfsemi spítalans. Engin lausn er í sjónmáli.

Hjúkrunarfræðingar í félagi hjúkrunarfræðinga hófu verkfall nú 27. maí. Ljóst er að nú hefur skapast fordæmalaust ástand á Landspítala sem er með öll ólíðanlegt. Deiluna verður að leysa strax! Landspítalinn getur á engann hátt sinnt skyldum sínum þegar svo marga mikilvæga starfsmenn vantar. Eingöngu neyðartilfellum er sinnt og gangar spítalans eru tómir. Klárlega kemur ástand sem þetta niður á öryggi sjúklinga og sjálfsblekking að halda annað. Læknaráð hefur sent frá sér tvær ályktanir um verkfall BHM og hjúkrunarfræðinga þar sem skorað er á samningsaðila að leysa deiluna hið fyrsta (fylgiskjöl nr. 11 og 12).

17. Að lokum

Í 4 ár og kominn tími á nýjan formann. Ég vil nota tækifærið að þakka það traust sem kollegar mínir á Landspítala sýndu mér við að óska eftir því að ég tæki við formennsku ráðsins fyrir fjórum árum. Þetta hafa verið lærdómsrík og gefandi ár. Eins og vera ber hjá svona stórrí stofnun hafa skipst á skin og skúrir, bjartsýni og vonleysi, fyrir framtíð spítalans. Landspítalinn hefur lengi átt stóran sess í lífi mínu og hef ég sinnt ýmsum störfum í ýmsum húsum á spítalanum í rúm 25 ár; í bókhaldi og á laundadeild á Rauðárstíg, sem meinataeknir við mæðravernd, starfsmaður á barnastofu og á skurðstofu, sem sjúkraliði og hjúkrunarfræðingur í afleysingum, gangandi ganga spítalans á Hringbraut sem vaktmaður, kynnst starfi á hinum ýmsu deildum sem læknanemi, kandídat, deildarlæknir, sérfræðingur og nú sem formaður læknaráðs. Óháð því hvar ég hef komið við hefur aldrei mætt mér annað en starfsfólk sem vill vel, sem hefur metnað og sinnir vinnu sinni vel. Það er að mínu mati kjarninn í þessu öllu saman, Landspítalinn er VIÐ, starfsólkið, mannaúðurinn sem er lífæð spítalans. Því miður hef ég þó oft tekið eftir og rekið mig á vanmat og skilningsleysi gagnvart störfum annarra á spítalanum, og það er einmitt þar sem við getum bætt okkur mest að mínu mati. Nokkuð sem endurspeglast best í ástandi eins og nú er, með verkföllum hinna ýmsu stétta. Við erum eitt stórt teymi með sameiginleg markmið; að gera Landspítalann að góðum vinnustað fyrir okkur að vinna á, og gera það besta sem við getum fyrir þá sjúklinga sem til okkar leita. En við getum það ekki ein, við þurfum hvort annað. Framtíð Landspítalans er í okkar höndum.

Við þurfum líka aðstöðu og búnað til að sinna okkar starfi og þar er því miður víða pottur brotinn. Það er ekki hægt að safna að sér afreksfólki og búa við allan þennan mannaúð og ætlast til að þau hlaupi kapphlaupið í bakkgir! Enginn starfsmaður með metnað þrífst í slíku vinnuumhverfi.

Sem formaður læknaráðs kynnist maður stjórnsýslunni á annan hátt og get ég seint hætt að furða mig á því fyrirkomulagi, að við þurfum á hverju ári að eyða stóru hluta ársins í að ganga beiða hjá stjórnámálamönnum til að sýna fram á mikilvægi og nauðsyn á því starfi sem við sinnum. Hér þarf meiri framsýni, áætlun til lengri tíma, skilgreining á hvert hlutverk okkar er og hvaða verkefnum sé raunhæft að við sinnum í svo litlu landi sem Ísland er. Við eigum ekki að gera allt, og það er allt í lagi, en það verður að þora að segja það og greina hvað færi betur fyrir sjúklinga okkar að gera annars staðar. Aukin samvinna við háskólasjúkrahús í nágrenni okkar hlýtur að vera leiðin framávið.

Ég hef margar góðar minningar frá þessum fjórum árum; ég hef verið tekin á teppið af einum heilbrigðisráðherra, sjálf gripið fram í og slegið á hendurnar á öðrum, hrópað á torg að landspítalinn sé að deyrja...að sumu leiti erfiður fréttaflutningur en því miður í fjölmiðlahringiðju dagsins er það oft það eina sem nær athygli og umfjöllun. Fyrst og fremst hef ég þó kynnst góðu samstarfsfólki og langar að þakka meðstjórnendum

mínum í stjórn læknaááðs fráþært samstarf á þessum fjórum árum. Sérstaklega þakka ég varaformönnum mínum Agnesi Smáradóttur og Ebbu Margréti Magnúsdóttur fyrir stuðning og góðar samræður. Formenn fastanefnda læknaááðs, Páll, Gylfi, Jóhann Heiðar og Sigurður, ykkur þakka ég einnig fyrir fráþært samstarf. Ólafi Baldurssyni framkvæmdastjóra lækninga þakka ég samstarf sem og forstjórum Landspítala, Birni Zoëga og Páli Matthíassyni. Elín Ísleifsdóttir á skrifstofu forstjóra. Formönnum LÍ og SKÍ, Þorbirni Jónssyni og Helga Kjartani Sigurðssyni ásamt Dögg Pálsdóttur lögfræðingi LÍ þakka ég einnig gott samstarf. Erni Þ. Þorvarðasyni skrifstofustjóra læknaááðs þakka ég ómetanlegan stuðning þessi fjögur ár.

Ég kveð ekki einungis læknaááð Landspítalans að sinni heldur einnig spítalann sjálfan þar sem ég er nú í skrifuðum orðum að þakka búslóðinni í annað sinn á leið frá Íslandi til Svíþjóðar. Ég þakka því einnig samstarfsfólki mínu á Barnaspítala Hringisins fyrir samstarfið síðastliðin sex ár. Ég kveð ykkur með söknuð í huga en um leið tilhlökkun yfir að takast á við ný spennandi verkefni.

Bless að sinni

*Anna Gunnarsdóttir dr. med.
Formaður læknaááðs Landspítala*



Á myndinni frá vinstri; Örn, Einar Örn, Telma Huld, Rabbi, Anna, Ebba, Hjördís, Ingunn, Óli og Birna

Skýrslur nefnda læknaáráðs starfsárið 2014-2015

Ársskýrsla fræðslunefndar júní 2014 – maí 2015

Fulltrúar fræðslunefndar:

Páll E. Ingvarsson, formaður;
Örn Þ. Þorvarðarson, ritari.

Geðsvið: Lára Björgvinsdóttir,
varamaður Valdís Fríða Manfredsdóttir;

Kvenna- og barnasvið: Ásgeir Thoroddsen,
varamaður Bertrand Lauth;

Lyflækningasvið: Ásgerður Sverrisdóttir,
varamaður Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir;

Rannsóknarsvið: Reynir Arngrímsson,
varamaður Ólöf Sigurðardóttir;

Skurðlækningasvið: Kristinn Sigvaldason,
varamaður Elsa Valsdóttir;

Slysa- og bráðasvið: Hjalti Már Björnsson,
varamaður Guðmundur Fr. Jóhannsson.

Á starfsárinu hélt fræðslunefndin sjöunda árið í röð sama fyrirkomulagi, sem virðist vera komið til að vera, með mánaðarlega fundi annan föstudag hvers mánaðar kl 08 – 09 í Hringsal Barnaspítala Hringsins. Það hafa samtals verið haldnir níu fundir á starfsárinu, þrjár fyrir áramót auk jólafundar – 12/9, 10/10, 14/11 og jólafundur þann 12/12 2014 - og fimm á vorönn – 9/1, 13/2, 13/3, 10/4 og 8/5 2015. Fræðslunefndin hefur fundað í þriggja gang á starfsárinu, 18.08.2014, 17.12.2014 og 14.04.2015, en þar að auki hefur stefnumótun á fundunum að verulegu leyti verið fylgt eftir með netpóstsamskiptum nefndarmanna.

Við höfum nokkur undanfarin ár fengið gestafyrirlesara á jólafundinn, með stuðningi lækningarforstjóra. Í þetta sinn fengum við þó einn af okkar mönnum, Torfa Magnússon taugalækni, til þess að halda erindið „Valdavía - valdafíkn – valdhroki“, við mjög góðar undirtektir áheyrenda, sem kom í ljós ekki síst í líflægum og áhugaverðum umræðum í lok erindis. Þar að auki verður haldinn aukafundur, tíundi fundur starfsársins, föstudaginn 19.06.2015, af sérstökum ástæðum, þar sem Jeffrey H. Drazen, ritstjóri New England Journal of Medicine, verður staddur hér á landi þá og hann bauðst til að halda erindi.

Reynt var að hafa fundarefnið fjölbreytt og áhugaverð. Alla vega hefur mætingin verið með ágætum, að meðaltali 86 fundargestir, með 135 gesti í tvígang, sem er húsfyllir og rúmlega það – á fundi Bryndísar Sigurðardóttur um Ebólaveiruna í október og á fundi með nýjum landlækni, Birgi Jakobssyni, í janúar 2015. Við í fræðslunefnd vonum alla vega að sem flestir af kollegunum hafi haft gagn og gaman af því að koma á föstudagsmorgnum í Hringsal, tengja félagsleg bönd við kollega líka á öðrum deildum og fræðast örlítið í leiðinni.

Eftir nokkra ára hlé þar sem fyrri fjarfundarbúnaður reyndist vera algerlega ónothæfur og ekki hægt að gera við hann, var s.l. haust kominn nýr búnaður sem gerir okkur kleyft að senda fundi líka í Blásali í Fossvoginum. Eini vandinn var að í hagræðingarskyni var Heilbrigðis- og UpplýsingaTæknisvið sjúkrahússins (HUT) fyrir ári síðan búin að draga til baka nærveru og aðstoð tæknimanns við að starta upp tækjabúnaðinn. Það reyndist þrautinni þyngra að setja í gang og stilla þennan fjarfundarbúnað fyrir ekki mjög tölvuvædda meðlimi fræðslunefndar. Á októberfundinum féll m.a.s. fjarfundurinn niður vegna tæknilegra erfiðleika. Sem betur fer bætti fyrirlesarinn, Bryndís Sigurðardóttir, úr þessu á besta hugsanlega máta með því að halda erindi sitt, um Ebóla veiruna, aftur síðar sama dag í Fossvogi! Á marsfundinum fékkst af óljósum ástæðum engin mynd í Fossvogi, bara hljóð, ein líklegasta skýringin var talin vera að festingin fyrir videómyndavélina uppi á vegg í Hringsalnum hafði brotnað. Þetta rýrði gæði fyrirlesturins það mikið að flestir fundar-gestir í Blásölum í Fossvogi voru farnir í lok fundar. Það var ekki fyrir en á aprílfundinum sem þessi mál voru komin í viðundandi lag, og vonir standa til að við munum hafa starfsmann frá þjónstuveri HUT annað hvort hjá okkur, eða alla vega tiltækan símleiðis og með fjarstýringu á tölvubúnaðnum í Hringsalnum, 5–10 mínútur í upphafi hvers fundar, þar til allt er komið í gang og virkar eins og það á að gera.

Fræðslunefndin hefur margendurtekið lagt fram ósk á starfsárinu um að hægt verði að taka upp fyrirlestrana. Davíð Björn Þórisson bráðalæknir, sem einnig er í hlutastarfi sem ráðgjafi hjá HUT, hefur lagt fram góða tillögu um að allir fyrirlestrar fræðslunefndar sem fyrir-lesarinn gefur samþykki sitt fyrir verði geymdir með auðveldu aðgengi t.d. á vísindavef á heimasíðu Læknafélags Íslands. Þessu hefur enn ekki tekist að hrinda í framkvæmd. Fræðslunefnd skorar á HUT að setja þessi mál í forgang og við skorum líka á sjúkrahús-stjórnina að veita þá fjármögnun sem þarf, til þess að hægt verði sem allra

fyrst, helst strax á næsta starfsári, að taka upp erindi til geymslu og áhorfs síðar!

Nú þegar lokaári seinni kjörtímabils undirritaðs sem formanns Fræðslunefndar fer að ljúka vil ég þakka fyrir ánægjulegt samstarf við bæði nefndarmenn og kollegana og hvet ykkur öll endilega til að halda áfram að koma með áhugaverðar uppástungur að fundarefni til nefndarmanna – þið hafið verið algerlega ómissandi aðstoð í tilraunum okkar til að hafa sem mest gæði, og þar með gagn og ánægju fundargesta af fundum fræðslunefndar.

f.h. Fræðslunefndar Læknaráðs LSH,

Páll E. Ingvarsson, formaður.

Ársskýrsla stöðunefndar lækna ráðs Landspítala starfsárið 2014-2015

Í nefndinni áttu sæti:

Sigurður Kristjánsson, formaður,

Fulltrúar sviða:

Guðmundur Sigþórsson, rannsóknarsviði,
varam. Ágústa Andrésdóttir,

Gunnar Auðólfsson, skurðsviði,
varam. Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir,

María Gunnbjörnsdóttir, lyflækningasviði,
varam. Karl Andersen,

Halldóra Jónsdóttir, geðsviði,
varam. Magnús Haraldsson,

Kristján Óskarsson, kvenna- og barnasviði,
varam. Karl Ólafsson,

Theódór Friðriksson, slysa- og bráðasviði,
varam. Elísabet Benediktz.

Nefndin starfaði á hefðbundinn hátt þetta starfsár, samkvæmt erindisbréfi og þeim reglum og leiðbeiningum sem í gildi eru um feril umsókna og stöðuveitingar á Landspítala.

Hlutverk stöðunefndar lækna ráðs er að fjalla um og meta umsóknir um allar auglýstar stöður sérfræðilækna á Landspítala. Til grundvallar umfjöllunar eru lögð viðkomandi stöðuauglýsing og innsend gögn umsækjenda, sem nefndinni berast frá yfirlækni eða framkvæmdastjóra sviðsins. Um hverja stöðuumsókn fjalla tveir nefndarmenn auk formanns. Áskilið er að einn nefndarmanna komi frá því sviði sem auglýst hefur stöðuna. Að lokinni umfjöllun og eftir að hver umsækjandi hefur fengið tækifæri til að sjá þann hluta álitsins sem varðar hann sjálfan, er skriflegt álit matshópsins lagt fyrir stjórn lækna ráðs til endanlegrar afgreiðslu.

Á starfsárinu fjallaði nefndin um 24 auglýstar stöður sérfræðilækna í 11 mismunandi greinum lækninga. Samtals bárust 33 umsóknir sem voru ítarlega yfirfarnar og metnar af tilnefndum nefndarmönnum í viðkomandi matshópi. Matsgerðunum var skilað til stjórnar lækna ráðs til formlegrar staðfestingar, en þaðan fara þær til viðkomandi sviðs.

Auglýstar stöður sem nefndin fjallaði um voru 9 fleiri á þessu starfsári en því síðasta (25 á móti 16). Umsóknir lækna voru (1,3 á hverja stöðu) sem er sama hlutfall og á fyrra starfsári. Það er því ekki aukning umsókna um hverja stöðu borið saman við síðasta starfsár.

Unirritaður þakkar nefndarmönnum fyrir að undantekningarlaust taka að sér umbeðin verkefni og vinna þau vel. Sömuleiðis eiga Örn Þ. Þorvarðarson, skrifstofustjóri lækna ráðs, og Anna Gunnarsdóttir, formaður lækna ráðs, þakkir skildar gott samstarf.

Sigurður Kristjánsson, formaður.

Valnefnd læknaráðs

Valnefnd læknaráðs LSH tók aftur til starfa í febrúar sl eftir hlé frá 2013. Hlutverk hennar er skilgreint í erindisbréfi sem samþykkt var í stjórn læknaráðs LSH í janúar 2011. Fulltrúar frá öllum sviðum LSH auk formanns tóku þátt störfum nefndarinnar. Haldnir voru 3 fundir þar sem framboð til embætta læknaráðs og framboð fulltrúa í fastar nefndir voru rædd. Fulltrúar sviðanna tóku ábyrgð á að fá framboð í nefndirnar af hverju sviði. Mikil endurnýjun er fyrirsjáanleg í nefndum læknaráðs á komandi aðalfundi 29.05.2015. Mjög treglega gekk að fá lækna til að bjóða sig fram til nefnda Læknaráðs, og er fyrirsjáanlegt nú þegar nefndin skilar af sér störfum þann 15.05 næstkomandi að ekki takist að fullmanna allar nefndir. Það hefur ekki gerst áður síðan valnefndin var sett á stofn 2011. Nefndin vill þó þakka þeim sem til var leitað og gáfu kost á sér.

Gylfi Óskarsson, formaður valnefndar læknaráðs LSH

Árskýrslur frá nefndum skipaðar af framkvæmdastjórn með fulltrúa lækna ráðs LSH

Siðanefnd LSH

Árskýrsla Siðanefndar árið 2014

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri.

Á árinu hætti Jónína Sigurðardóttir sem forstöðumaður og við tók Tinna Eysteinsdóttir, doktor í næringarfræði. Einnig hætti Helgi Sigurðsson yfirlæknir og ekki hefur verið skipaður nefndarmaður í hans stað. Nefndina skipa eftirfarandi:

Jón G. Snædal yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn

-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sigrún Reykdal yfir læknir, tilnefnd af lækna ráði

- Inga Sigurrós Þráinsdóttir læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði

-Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Helga Þórðardóttir lögfræðingur, tilnefnd af framkvæmdastjórn

- Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn

-Ólöf Ámundadóttir sjúkrapjálfari, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu

-Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.

Alls voru haldnir 16 fundir á árinu 2014 og fjöldi erinda var 138. Nýjar umsóknir voru 53, fyrirspurnir 66 og viðbætur/ breytingar 19. Af nýjum umsóknum voru námsverkefni 20 og 12 meistara og doktorsverkefni. Heilarfjöldi umsókna stendur í stað milli ára.

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 6 ár.

2010	2011	2012	2013	2014	2013
67	64	54	56	53	56

Alls voru haldnir 14 fundir á árinu 2013 og var fjöldi erinda 120. Fyrirspurnir voru 51, nýjar umsóknir 56 og viðbætur/ breytingar 13. Fjöldi umsókna stendur í stað milli ára en veruleg fækkun hefur orðið síðan 2008. Af nýjum umsóknum voru námsverkefni 22, meistara og doktorsverkefni 14 og umsóknir heilbrigðisstarfsmanna 20.

Í haust tók siðanefnd upp nýtt verklagvið mat á afturvirkum rannsóknum og er það nú í samræmi við verklag Vísindasiðanefndar og ákveðið var að auka samstarf milli nefndanna. Nokkrir góðir gestir hafa komið á fundi nefndarinnar og kynnt ýmis málefni

Í vor var samþykkt frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (lög nr. 44/2014) og gilda þau frá 1. janúar 2015. Sem helstu breytingar má nefna að rannsakendur sækja ekki sjálfir um/tilkynna rannsóknir sínar til Persónuverndar, heldur fer það ferli í gegnum siðanefndir. Auk þess er ekki lengur gerð krafa um eyðingu gagna innan 5 ára frá rannsóknarlokum, en

hins vegar er tekið fram að heilbrigðisgögnum sem safnað er til afmarkaðrar vísindarannsóknar á mönnum skuli ekki geyma lengur er nauðsynlegt þykir til að framkvæma rannsóknina. Ef ætlunin er að geyma gögn lengur skuli það gert í þar til gerðum gagnagrunnum sem hafi fengið tilskilin leyfi.

Sigún Reykdal

Siðfræðinefnd

Megin verkefni siðfræðinefndar er að vera vettvangur um siðfræðileg málefni innan Landspítalans og taka þátt í að móta stefnu og starfsaðferðir sjúkrahússins í siðfræðilegum álitamálum.

Siðfræðinefnd er skipuð sjö mönnum þar af á lækningaráð einn fulltrúa. Forstjóri skipar formann, sem er Jón Eyjólfur Jónsson, yfirlæknir. Það voru margvísleg erindi sem bárust, sem nefndin fjallaði um á fundum sínum 2014-15 og veitti m.a. umsagnir og leiðbeiningar: Helstu mál voru m.a.:

- Siðfræðinefnd ræddi spurningar varðandi meðferðarúræði við (vegna) bráðsmitandi lífshættulega sjúkdóma.
- Forstjóri Landspítala vísaði til Siðfræðinefndar „Reglum um mynd- og hljóðupptökur á Landspítala“
- Rætt um mönnunarmál, viðhorf og álag á starfsfólk og stöðu Landspítala á umrótartímum.

*Reykjavík 27. apríl 2015/
Halldór Kolbeinsson fulltrúi lækningaráðs*

Vísindaráð Landspítala háskólasjúkrahúss

Skýrsla Vísindaráðs starfsárið 2014

Vísindaráð er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á sjúkrahúsinu gagnvart háskólastofnunum og öðrum. Vísindaráð er vísinda- og þróunarsviði Landspítala til ráðgjafar um þau verkefni þess sem snúa að háskóla- og vísindastarfi og þróun heilbrigðisvísinda.

Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala samkvæmt reglum sjóðsins og semur matsreglur í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir með hliðsjón af matsreglum íslenskra háskóla. Þá er Vísindaráð til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum.

Árlega eru haldnir vísindadagar, Vísindi á vordögum, þar sem vísindaniðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Einnig eru veitt verðlaun til vísindamanna og styrkir veittir úr Vísindasjóði Landspítala.

Vísindaráð LSH er skipað tíu mönnum til fjögurra ára í senn. Verkefnastjóri Vísindaráðs er Sigríður Sigurðardóttir, vísinda- og þróunarsviði. Á árinu 2014 voru haldnir 20 fundir í Vísindaráði.

Vísindaráð skipa:

Gísli H. Sigurðsson læknir (formaður),
tilnefndur af lækningaráði Landspítala

Guðrún Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur (varaformaður),
tilnefnd af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Arnar Geirsson læknir,
tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands

Helga Gottfreðsdóttir hjúkrunarfræðingur,
tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala

Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur,
tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala

Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur,
tilnefndur af forstjóra Landspítala

Jóna Freysdóttir náttúrufræðingur,
tilnefnd af forstjóra Landspítala

Sigurður Yngvi Kristjánsson læknir,
tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands

Þorvarður Jón Löve læknir,
tilnefndur af lækningaráði Landspítala

Þórarinn Guðjónsson náttúrufræðingur,
tilnefndur af forstjóra Landspítala

Varamenn:

Anna Margrét Halldórsdóttir læknir,
tilnefnd af læknadeild Háskóla Íslands

Auðna Ágústsdóttir hjúkrunarfræðingur,
tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala

Bertrand Lauth læknir,
tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands

Herdís Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur,
tilnefnd af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Inga Reynisdóttir náttúrufræðingur,
tilnefnd af forstjóra Landspítala

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir læknir,
tilnefnd af lækningaráði Landspítala

Ingibjörg Gunnarsdóttir næringarfræðingur,
tilnefnd af forstjóra Landspítala

Jón Jóhannes Jónsson læknir,
tilnefndur af lækningaráði Landspítala

Paolo Gargiulo verkfræðingur,
tilnefndur af forstjóra Landspítala

Þóra Jenný Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur,
tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala

Helstu verkefni vísindaráðs á árinu 2015 voru Vísindi á vordögum

Dagskrá Vísinda á vordögum hófst árið 2014 þann 7. maí.

Sama dag var opnuð rás á heimasíðu Landspítala með 55 örfyrirlestra um vísindaleg verkefni starfsmanna spítalans.

Forstjóri, heilbrigðisráðherra og rektor Háskóla Íslands fluttu ávörp. Fræðileg erindi voru haldin og forstjóri afhenti verðlaun og styrki úr Vísindasjóði.

Heiðursvísindamaður ársins að þessu sinni var dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir hjúkrunarfræðingur og prófessor. Ungur vísindamaður ársins var dr. Erla Björnsdóttir sálfræðingur og fluttu þær báðar erindi.


Á árinu bárust alls 164 styrkumsóknir til Vísindasjóðs. Vísindaráð hafði umsjón með mati umsókna og alls voru á árinu veittir 122 styrkir, samtals 84 milljónir króna, við fjórar úthlutanir:

Nýsköpunarstyrkir voru veittir í ársbyrjun, alls 3 styrkir, samtals 6 milljónir kr.

Vorstyrkir Vísindasjóðs: Á vísindadögum voru veittir 106 vísindastyrkir, samtals 53 milljónir kr.

Hvatningarstyrkir til sterkra rannsóknahópa sem þegar hefðu öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Þrjú styrkir voru veittir 2. desember, samtals 15 milljónir kr.

Styrkir til ungra vísindamanna: 18. desember voru veittir 10 styrkir til ungra starfsmanna sem stunda klínískar rannsóknir, samtals 10 milljónir kr.



Hvatningarstyrkir 2014

Engilbert Sigurðsson yfirlæknir og prófessor, geðsvið.

Þróun og innleiðing mats á vitrænni getu nýgreindra geðklofasjúklinga sem byggir á íslenskum viðmiðum og leggur grunn að vitrænni endurhæfingu.

Jón Jóhannes Jónsson yfirlæknir og prófessor, rannsóknarsvið, erfða- og sameindalæknisfræðideild.

Skemmdir á erfðaeftni í líkamsvökvum við meðferðargreiningu illkynja sjúkdóma.

Ragnar Bjarnason yfirlæknir og prófessor, kvenna- og barnasvið, Barnaspítali Hringinsins.

Heilsueflandi snjallsímahugbúnaður fyrir ungt fólk. Styrkir til ungra vísindamanna 2014

Anna Kristín Þórhallsdóttir læknir, lyflækningasvið Landspítala.
Meðumsækjandi: Þórarinn Gíslason yfirlæknir, lyflækningasviði.
Rannsókn: Evrópukönnunin Lungu og Heilsa III: Ofnæmi á Íslandi.

Arnar Jan Jónsson læknir, lyflækningasvið Landspítala.
Meðumsækjandi: Runólfur Pálsson yfirlæknir, lyflækningasviði.
Langvinnur nýrnasjúkdómur á Íslandi 2008-2013.

Berglind María Jóhannsdóttir læknir, lyflækningasvið Landspítala.
Meðumsækjandi: Hrefna Guðmundsdóttir nýrnalæknir, lyflækningasviði Landspítala.
Áhrif æðakölkunar og blóðfitu á framrás nýrnabilunar.

Erna Sigmundsdóttir læknir, skurðlækningasvið Landspítala.
Meðumsækjandi: Páll H. Möller yfirlæknir, skurðlækningasvið Landspítala.
Aðgerðartengd afdrif sjúklinga eftir kviðarholsskurðaðgerðir á LSH, framsýn klínísk rannsókn.

Styrkir úr Vísindasjóði 2014	Fjöldi styrkja	Upphæð alls
Vorstyrkir	106	53.000.000
Hvatningarstyrkir	3	15.000.000
Styrkir til ungra rannsakenda	10	10.000.000
Nýsköpunarstyrkir	3	6.000.000
	122	84.000.000

Jóhann Páll Hreinsson læknir, lyflækningasvið Landspítala.
Meðumsækjandi: Einar S. Björnsson, yfirlæknir og prófessor,
lyflækningasviði Landspítala.

Marta Serwatko heilbrigðisverkfræðingur, lyflækningasviði
Landspítala.

Meðumsækjandi: Erna Sif Arnardóttir líffræðingur,
lyflækningasvið.

Ný mælingaraðferð til mats á öndunarerfiði í svefni.

Rúnar Bragi Kvaran læknir, aðgerðasvið Landspítala.

Meðumsækjandi: Gísli Heimir Sigurðsson yfirlæknir,
aðgerðasviði Landspítala.

D-vítamínbúskapur hjá bráðveikum sjúklingum.

Sigrún Sunna Skúladóttir hjúkrunarfræðingur, flæðissvið
Landspítala.

Meðumsækjandi: Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir verkefnastjóri,
flæðissviði Landspítala.

Mjadmabrot meðal 67 ára og eldri sem leituðu á
bráðamóttöku Landspítala 2008-2012.

Sindri Aron Viktorsson læknir, aðgerðarsvið Landspítala.

Meðumsækjandi: Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir og
prófessor, skurðlækningasviði Landspítala.

Samanburður á lifun sjúklinga eftir ósæðarlokuskipti og
Íslendinga af sama aldri og kyni.

Þórir Einarsson Long læknir, lyflækningasvið Landspítala.

Meðumsækjandi: Ólafur Skúli Indriðason sérfræðilæknir,
lyflækningasviði Landspítala.

Faraldsfræði og árangur bráðs nýrnaskaða eftir skurðaðgerðir
á Íslandi.

Nýsköpunarstyrkir 2014

Einar Stefánsson, yfirlæknir og prófessor

Orrí Þór Ormarsson, sérfræðilæknir

Páll Torfi Öundurson, yfirlæknir og prófessor

Það er mat Vísindaráðsmanna að umsóknir í Vísindasjóð
verði vandaðri með hverju árinu og verkefnin sem sótt var
um fjárstyrk fyrir almennt mjög metnaðarfull. Forgangsroðun
var erfið og takmarkað fjármagn í höndum til úthlutunar.
Vísindaráð vill vekja athygli á áhuga og velvild stjórnar
Landspítala á vísindarannsóknnum sem hefur lýst sér m.a. í
auknum fjárframlögum til Vísindasjóðs á undanförunum fimm
árum.

Á síðasta degi vetrar 2015

Gísli H Sigurðsson

Formaður Vísindaráðs

Prófessor og yfirlæknir

Svæfinga- og gjörgæsludeild

Landspítali háskólasjúkrahús, Hringbraut

IS 101 Reykjavík

Starfsemi eftirlitsnefndar með notkun rafrænnar sjúkraskrár

Eftirlitsnefnd með rafrænni sjúkraskrá starfar skv. erindisbréfi
frá 2010. Í nefndinni sitja, Nils Chr. Nielsen, formaður,
Jóhann Bjarni Magnússon gæðastjóri hjá heilbrigðis- og
upplýsingatæknideild, Halldóra Jónsdóttir læknir, sem er
fulltrúi læknaáðs og Hildur Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur,
skipuð af hjúkrunarráði.

Nefndin skoðaði slembiúrtak hjá þremur hópum, þ.e.a.s.
hjartalæknum, hjúkrunarfræðingum á skurðeild og geðdeild
og ljósmæðrum. Engar athugasemdir komu fram vegna þessarar
uppflettinga. Ennfremur var farið yfir uppflettingar hjá þekktum
einstaklingum, en upplýsingar um dvöl þeirra á sjúkrahúsinu
höfðu komið fram í fjölmiðlum. Engar athugasemdir voru
gerðar.

Árið 2014 voru skoðaðar uppflettingar átta starfsmanna, að
beiðni yfirmanna og þeim sendur uppflettilisti.

Þá var ákveðið að skoða uppflettingar þeirra, sem ekki eru
starfsmenn spítalans, en hafa aðgang að sjúkraskrárkerfi
spítalans í gegnum Ljórann eða Heilsugátt. Skoðaðir voru
50 starfsmenn á SAK og uppflettingar fyrstu 3 mánuði ársins
2015. Úrvinnslu þeirra gagna er ekki lokið.

Með kveðju, Halldóra Jónsdóttir, fulltrúi læknaáðs.

STARFSREGLUR LÆKNARÁÐS LANDSPÍTALA

I. kafli Skipan og hlutverk

1. grein. Skipan læknaáráðs

Við Landspítala skal starfa læknaáráð í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Í læknaáráðinu eiga sæti allir þeir lækna sjúkrahússins sem ráðnir hafa verið til starfa til eins árs eða lengur. Rétt til fundasetu með tillögurétti, en án atkvæðisréttar, eiga aðrir lækna Landspítalans. Formaður læknaáráðs sker úr, leiki vafi á um rétt til fundarsetu eða um tillögu- og atkvæðisrétt.

2. grein. Hlutverk læknaáráðs

Læknaáráð skal vera stjórnendum Landspítalans til ráðuneytis um læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, enda ber forstjóra og framkvæmdastjórn að leita álits læknaáráðs á því sem varðar læknisþjónustu sbr. 13. gr. laga nr. 40/2007. Læknaáráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis í málum er varða stefnumótun sjúkrahússins, þróun og skipulag, stjórnun og rekstur, samstarf og samhæfingu starfskrafta, þjónustu við sjúklinga, menntun lækna, læknanema og annars starfsliðs og vísindastarf.

3. grein. Starfshættir læknaáráðs.

Læknaáráði og nefndum þess ber að stuðla að gæðum læknisþjónustu á Landspítala þannig að lækningar séu á hverjum tíma í samræmi við lög, þekkingu, viðurkennda reynslu og gæðastaðla. Á sama hátt skal læknaáráð stuðla að gæðum og eflingu vísindarannsókna og menntunar lækna, læknanema og annarra heilbrigðisstétta.

Læknaáráð getur hvenær sem er tekið mál til umræðu og meðferðar að eigin frumkvæði auk þeirra mála sem stjórnendur spítalans eða heilbrigðismála leggja fyrir ráðið. Við val og framkvæmd verkefna á vegum ráðsins ber að gæta hagkvæmni og halda kostnaði í samræmi við fjárheimildir.

II. kafli Stjórn læknaáráðs

4. grein. Skipan

Í stjórn læknaáráðs skulu eiga sæti formaður, varaformaður, einn sérfræðilæknir af hverju klínísku sviði spítalans auk eins deildarlæknis.

5. grein. Kosning

Stjórn læknaáráðs skal kosin á aðalfundi. Hún skal kosin til tveggja ára. Endurkjósa má í sama stjórnarstarf einu sinni. Stjórnarmenn velja einn úr sínum hópi til að gegna embætti ritara læknaáráðs. Varamenn í stjórn skulu kosnir með sama hætti, einn fyrir hvern stjórnarmann en þó ekki fyrir formann og varaformann. Varamönnum er ætlað að taka sæti stjórnarmanna vegna forfalla, afsagnar eða starfsloka við spítalann. Stjórnin getur tilnefnt nýja varamenn ef nauðsyn krefur. Fulltrúi deildarlækna og varamaður hans skulu kjörnir úr hópi þeirra deildarlækna sem ráðnir eru til eins árs eða til lengri tíma.

6. grein. Hlutverk stjórnar læknaáráðs

Stjórn læknaáráðs:

- Fer með umboð læknaáráðs og framfylgir hlutverki þess.
- Er málsvari lækna spítalans og sjúklinga þeirra út á við og inn á við í öllum læknisfræðilegum efnum.
- Skal taka afstöðu til þeirra mála sem beint er til hennar frá stjórnendum spítalans eða meðlimum læknaáráðs.
- Skal fylgjast með læknaþörf Landspítalans og starfsskilyrðum lækna.

- Fylgist með að mið sé tekið af stefnumótun Landspítalans við ráðningar lækna sem og aðar ákvarðanir um stjórn og rekstur spítalans.
- Skal láta í té umsögn um hæfi umsækjenda um stöður sérfræðilækna og eftir atvikum stjórnunarstöður sem snerta lækniþjónustu, að fengnu álitum stöðunefndar lækna ráðs.

7. grein. Fundir stjórnar lækna ráðs

Stjórn lækna ráðs heldur að jafnaði fundi á tveggja vikna fresti, en oftast ef þörf krefur. Formaður boðar til funda stjórnar og stýrir þeim. Stjórnarfundir eru ályktunarhæfir ef helmingur stjórnarmanna eða fleiri sitja fundinn. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður við atkvæðagreiðslur og falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns stjórnar lækna ráðs úrslitum. Stjórn lækna ráðs getur kallað á sinn fund lækna eða aðra sem búa yfir viðeigandi sérþekkingu á þeim málum sem hún fjallar um hverju sinni. Samþykktar fundargerðir stjórnar lækna ráðs skulu birtar á vefsíðu lækna ráðs.

III. kafli Nefndir lækna ráðs

8. grein. Skipan nefnda

Á vegum lækna ráðs starfa þrjár fastanefndir: Fræðslunefnd, stöðunefnd og valnefnd. Í hverri nefnd sitja formaður og einn fulltrúi frá hverju klínisku sviði spítalans. Stjórn lækna ráðs getur skipað aðrar nefndir eða starfshópa til að fjalla um einstök mál.

Stjórn lækna ráðs skipar fulltrúa ráðsins í nefndir sem a.ö.l. eru skipaðar af framkvæmdastjórn, svo sem: atvikanefnd, lyfjanefnd, siðanefnd, siðfræðinefnd og Vísindaráð.

9. grein. Kosning fastanefnda

Fulltrúar í nefndum lækna ráðs og varamenn þeirra skulu kosnir á aðalfundi lækna ráðs og til tveggja ára í senn. Formenn nefnda skal kjósa sérstakri kosningu en aðra nefndarmenn síðan. Endurkjósa má til sama starfs einu sinni. Við langvarandi forföll nefndarmanna, afsögn eða starfslok við spítalann skal stjórn lækna ráðs skipa varamenn í þeirra stað.

10. grein. Störf nefnda

Hverri nefnd eru settar starfsreglur, sem samþykktar eru af stjórn lækna ráðs. Formenn nefnda skulu boða fundi þeirra og stýra fundum en að öðru leyti skipta nefndarmenn með sér verkum. Allar nefndir á vegum lækna ráðs starfa í umboði stjórnar ráðsins og getur hún skotið til nefnda þeim málum, sem henni þykir henta hverju sinni. Nefndir skulu skrá fundargerðir og gefa stjórn lækna ráðs skýrslu um störf sín minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund. Formenn nefnda skulu að jafnaði boðaðir á fund stjórnar lækna ráðs árlega til að gera grein fyrir störfum nefndanna.

IV. kafli Aðalfundur lækna ráðs

11. grein. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda í apríl- eða maímánuði ár hvert. Til hans skal boða skriflega eða með rafrænum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara. Hann er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Kynna skal fyrirhugaðaðar kosningar með fundarboði aðalfundar. Valnefnd skal skila til stjórnar lækna ráðs a.m.k. einni tilnefningu í hvert sæti stjórnar og fastanefnda, bæði aðalmanna og varamanna, eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfundardag. Kynna skal með skriflegri eða rafrænni auglýsingu hverjir hafa gefið kost á sér. Meðlimum lækna ráðs er einnig heimilt að tilnefna eða bjóða sig fram til stjórnarsetu og skulu framboð hafa borist eigi síðar en einni viku fyrir aðalfund.

12. grein. Dagskrá aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skýrslur nefnda.
3. Breytingar á starfsreglum.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning nefnda.
6. Önnur mál.

Allar kosningar skulu vera skriflegar, sé þess óskað og eru þeir rétt kjörnir sem fá flest atkvæði. Falli atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Formaður og varaformaður læknaáðs skulu ekki sitja í stjórn Læknafélags Íslands eða Læknafélags Reykjavíkur.

V. kafli Fundir læknaáðs

13. grein. Almennir læknaáðsfundir

Læknaáð heldur almenna fundi að jafnaði annan hvern mánuð á ákveðnum stað og tíma. Fundi skal þó eigi halda, nema sérstaklega sé brýnt, á tímabilinu 15. júní til 15. september. Aukafundi skal halda þegar nauðsyn krefur, svo og ef 50 lækna, sem í ráðinu eiga sæti, óska þess eða fjórir stjórnarmenn.

Almenna læknaáðsfundi skal boða skriflega eða með rafrænum hætti með minnst viku fyrirvara. Dagskrá skal fylgja fundarboði. Almennir fundir læknaáðs eru fyrir meðlimi þess eingöngu. Stjórn læknaáðs getur þó ákveðið að hafa almenna fundi opna. Forstjóra Landspítala skal að jafnaði boðið að sitja almenna fundi læknaáðs. Við afgreiðslu mála ræður einfaldur meirihluti atkvæða og er samþykkt lögmat, sé löglega til fundarins boðað.

Vantraust á stjórn læknaáðs skal taka til umræðu ef 50 lækna, sem í ráðinu eiga sæti, óska þess eða fjórir stjórnarmenn. Vantrauststillögu skal leggja fram skriflega og senda út með fundarboði. Ef tveir þriðju fundarmanna samþykkja vantraust, skal kjósa stjórn til bráðabirgða á fundinum og skal hún boða til aðalfundar svo skjótt sem auðið verður.

VI. kafli Breytingar á starfsreglum

14. grein. Breytingar á starfsreglum

Stjórn læknaáðs eða einstakir meðlimir ráðsins geta gert tillögur til breytinga á starfsreglum. Allar slíkar tillögur skulu vera með skriflegum hætti og hafa borist stjórn læknaáðs eigi síður en einni viku fyrir aðalfund. Hafi þær borist fyrir boðun aðalfundar ber stjórn ráðsins að senda þær út með aðalfundarboði. Tillögur til breytinga á starfsreglum skulu ræddar og bornar undir atkvæði á aðalfundi. Til samþykktar þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Í fyrsta sinn skal kjósa í valnefnd á almennum læknaáðsfundi haustið 2010. Stjórn læknaáðs ber ábyrgð á því að kosningu sé lokið fyrir 1. janúar 2011.
2. Fyrsta stjórn læknaáðs samkvæmt hinum nýju starfsreglum skal kosin á aðalfundi læknaáðs vorið 2011.

Starfsreglur þessar taka gildi á aðalfundi læknaáðs Landspítala í maí 2010

Landspítala, 21. maí 2010

forstjóri Landspítala

formaður læknaáðs Landspítala

Starfs- og gjafasjóður læknaráðs LSH

Rekstrarreikningur
frá 23. apríl 2014 til 15. maí 2015

og

Efnahagsreikningur
hinn 15. maí 2015

Starfs- og gjafasjóður

Læknaráðs LSH

Kt. 520701-2490

UN bókhald ehf

Reykjavíkurvegi 64, 220 Hafnarfirði

UNDIRRITUN ÓHÁÐRA SKOÐUNARMANNA


Eftirfarandi uppgjör fyrir **Starfs- og gjafasjóð læknaáðs LSH** fyrir tímabilið 23. apríl 2014 til 15. maí 2015 er samið samkvæmt niðurstöðum bókhalds sjóðsins, sem fært var af okkur og upplýsingum stjórnanda sjóðsins.

Bankareikningar eru afstemmdir og réttir.

Að öðru leyti en framan greinir hefur endurskoðun af okkar hálfu ekki verið framkvæmd.

Hafnarfirði, 20. maí 2015

f.h. UN bókhalds



Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir

Viðurkenndur bókarí

Rekstrarreikningur tímabilið 23.4.2014 – 15.5.2015

Framlög félagsmanna	Skýr.	2015	2014
Framlög.....		310.000	242.000
Vaxtatekjur.....		<u>33.796</u>	<u>30.562</u>
		<u>343.796</u>	<u>272.562</u>
Ráðstöfun			
Gjafir vegna tillidaga.....		202.314	243.025
Kostnaður vegna jarðarfara.....		105.000	105.000
Bókhalds og uppgjörskostnaður.....		38.364	36.144
Bankakostnaður.....		9.712	15.964
Fjármagnstekjuskattur.....		<u>6.942</u>	<u>6.085</u>
		<u>362.332</u>	<u>406.218</u>
Hagnaður/tap ársins		<u>(18.536)</u>	<u>(133.656)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2015	2014
Bankareikningar			
0513-26-016880 Íslandsbanki ehf		160.427	156.174
0513-04-250282 Íslandsbanki ehf		1.224.517	1.263.039
0513-14-402821 Íslandsbanki ehf		<u>514.322</u>	<u>498.589</u>
		<u>1.899.266</u>	<u>1.917.802</u>
Eignir		<u>1.899.266</u>	<u>1.917.802</u>

Hinn 15. maí 2015

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2015	2014
Eigið fé			
Yfirfært fé frá fyrra ári		1.917.802	2.051.458
Óráðstafað eigið fé		(18.536)	(133.656)
Eigið fé		1.899.266	1.917.802
Skuldir		0	0
Eigið fé og skuldir		<u>1.899.266</u>	<u>1.917.802</u>

Erindisbréf

valnefndar lækna ráðs Landspítala

Hlutverk valnefndar lækna ráðs Landspítala

Hlutverk valnefndar lækna ráðs er að tryggja að fyrir hverjar kosningar liggi fyrir að minnsta kosti eitt framboð til allra embætta í stjórn og nefndum lækna ráðs. Kosningar í stjórn og nefndir lækna ráðs fara að jafnaði fram á aðalfundi ráðsins í apríl- eða maímánuði annað hvert ár.

Skipan valnefndar lækna ráðs Landspítala

Í valnefnd sitja formaður og einn sérfræðilæknir af hverju klínísku sviði spítalans, auk varamanns fyrir hvert svið. Formaður valnefndar skal kosinn sérstaklega á aðalfundi lækna ráðs Landspítala og þar á eftir skal kosning aðal- og varamanna sviðanna fara fram. Formaður og allir fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn. Endurkjósa má til sama embættis í valnefnd einu sinni. Við langvarandi forföll nefndarmanna, afsögn eða starfslok skal stjórn lækna ráðs skipa varamenn í þeirra stað.

Verklýsing starfs valnefndar

Valnefnd starfar í umboði stjórnar lækna ráðs. Formaður valnefndar stjórnar starfi nefndarinnar, boðar fundi og stýrir þeim.

Valnefnd tryggir að framboð til eftirfarandi embætta lækna ráðs liggi fyrir að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund lækna ráðs:

- **Stjórn lækna ráðs:** Framboð til formanns lækna ráðs. Framboð til varaformanns lækna ráðs. Framboð sérfræðilæknis af hverju klínísku sviði spítalans til setu sem aðalmaður í stjórn lækna ráðs. Sömuleiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilæknis af hverju sviði til varamanns í stjórn. Valnefnd skal einnig tryggja að fyrir liggi tilnefning deildarlæknis til setu í stjórn lækna ráðs.
- **Fræðslunefnd:** Framboð til formanns nefndarinnar. Framboð sérfræðilæknis af hverju klínísku sviði spítalans sem aðalmanns í fræðslunefnd. Sömuleiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilæknis af hverju sviði til embættis varamanns í fræðslunefnd.
- **Stöðunefnd:** Framboð til formanns nefndarinnar. Framboð sérfræðilæknis af hverju klínísku sviði spítalans sem aðalmanns í stöðunefnd. Sömuleiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilæknis af hverju sviði til embættis varamanns í stöðunefnd.
- **Valnefnd:** Framboð til formanns nefndarinnar. Framboð sérfræðilæknis af hverju klínísku sviði spítalans sem aðalmanns í valnefnd. Sömuleiðis skal liggja fyrir framboð sérfræðilæknis af hverju sviði til embættis varamanns í valnefnd.

Valnefnd lækna ráðs kemur saman eins oft og nauðsynlegt er, í heild eða að hluta, til þess að tryggja að öll framboð liggi fyrir á tilsettum tíma.

Stjórn lækna ráðs auglýsir með skriflegum og/ eða rafrænum hætti hverjir hafa gefið kost á sér til embætta á vegum lækna ráðs.

Formaður valnefndar gengur á fund stjórnar lækna ráðs á vormisseri þau ár sem nefndin starfar og ræðir störf valnefndarinnar. Valnefndin skal halda fundargerð og gefa stjórn lækna ráðs skriflega skýrslu um störf sín að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund lækna ráðs.

Samþykkt á stjórnarfundum lækna ráðs Landspítala þann 12. janúar 2011.

Þorbjörn Jónsson,

formaður lækna ráðs Landspítala

Erindisbréf

fræðslunefndar læknaáðs Landspítala

Hlutverk fræðslunefndar læknaáðs Landspítala

Hlutverk fræðslunefndar er að:

- Skipuleggja, stjórna og auglýsa fræðslufundi á vegum læknaáðs Landspítalans.
- Beita sér fyrir því að finna efni og fá innlenda og erlenda fyrirlesara í samvinnu við deildir spítalans eða aðila utan hans.
- Sjá til þess að haldin sé gerðabók um fræðslufundina, þar sem skráð eru fundarefni, nöfn fyrirlesara og fundarsókn.
- Taka til afgreiðslu skyld mál og málaflokka, sem læknaáð eða stjórn þess fela henni.

Skipan fræðslunefndar læknaáðs Landspítala

Í fræðslunefnd sitja formaður og einn sérfræðilæknir af hverju klínísku sviði spítalans, auk varamanns fyrir hvert svið. Formaður fræðslunefndar skal kosinn sérstaklega á aðalfundi læknaáðs Landspítala og þar á eftir skal kosning aðal- og varamanna sviðanna fara fram. Formaður og allir fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn. Endurkjósa má til sama embættis í fræðslunefnd einu sinni. Við langvarandi forföll nefndarmanna, afsögn eða starfslok skal stjórn læknaáðs skipa varamenn í þeirra stað.

Verklýsing starfs fræðslunefndar

Fræðslunefnd starfar í umboði stjórnar læknaáðs. Stjórn læknaáðs getur skotið viðeigandi málum til fræðslunefndarinnar þegar þurfa þykir. Formaður fræðslunefndar stjórnar starfi nefndarinnar, boðar fundi og stýrir þeim. Fræðslunefndin kemur saman eins oft og nauðsynlegt er, í heild eða að hluta, til þess að tryggja að haldinn verði nægilegur fjöldi fræðslufunda á tilsettum tíma. Fræðslunefndin skal halda fundargerðabók um fundi og störf nefndarinnar.

Formaður fræðslunefndar gengur á fund stjórnar læknaáðs einu sinni á ári og ræðir störf nefndarinnar. Fræðslunefndin skal gefur stjórn læknaáðs skriflega skýrslu um störf sín að vori ár hvert, að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund læknaáðs.

Samþykkt á stjórnarfundi læknaáðs Landspítala þann 12. janúar 2011.

Þorbjörn Jónsson

formaður læknaáðs Landspítala

Erindisbréf stöðunefndar lækna ráðs Landspítala

Hlutverk stöðunefndar lækna ráðs LSH

Stöðunefnd lækna ráðs Landspítala skal fjalla um og meta umsækjendur, þegar ráðið er í störf sérfræðilækna við Landspítala. Stöðunefnd lækna, sem kveðið er á um í 35. gr. laga um heilbrigðisþjónustu (lög nr. 40/2007), mun meta faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra lækninga, yfirlækna og annarra stjórnenda lækninga á spítalanum og fer um það samkvæmt nefndum lögum. Framkvæmdastjóri lækninga og stjórn lækna ráðs geta þó einnig farið fram á að stöðunefnd lækna ráðs LSH fjalli um slíkar umsóknir eftir því sem þurfa þykir og einnig aðrar umsóknir um störf lækna og læknanema á LSH.

Skipan stöðunefndar lækna ráðs LSH

Formaður stöðunefndar skal kosinn á aðalfundi lækna ráðs LSH til tveggja ára í senn. Auk formanns skulu í stöðunefnd eiga sæti lækna með sérfræðimenntun frá hverju sviði Landspítala. Skal hvert svið, að beiðni formanns lækna ráðs, tilnefna einn slíkan í stöðunefnd ásamt varamanni. Skal framkvæmdastjóri viðkomandi sviðs sjá um að lýðræðislegt val meðal lækna sviðsins fari fram og komi með tilnefningu um aðalfulltrúa og varafulltrúa í stöðunefnd innan tveggja vikna frá því að beiðni formanns lækna ráðs um tilnefningu kemur fram. Formaður stöðunefndar tilnefnir einn af fulltrúum í stöðunefnd sem varaformann. Skulu lækna stöðunefndar kosnir/tilnefndir til tveggja ára í senn. Hið sama gildir um varamenn.

Verklýsing starfs stöðunefndar

Starfslýsing í stöðuauglýsingu er grundvöllur umfjöllunar stöðunefndar um einstaka umsækjendur. Við umfjöllun sína um umsóknir skal stöðunefnd leggja til grundvallar menntun og starfsferil umsækjenda, vísinda- og kennslustörf, starfsaldur, samstarfshæfni og reglusemi í starfi eftir því sem unnt er, svo og stjórnunarstörf. Stöðunefnd byggir mat sitt á innsendum gögnum umsækjenda og tekur hún ekki við viðbótargögnum frá umsækjendum eftir að umsóknarfrestur um störf rennur út samkvæmt auglýsingu. Stöðunefnd skal ætíð vera mjög á varðbergi að gæta jafnræðis milli allra umsækjenda um auglýst starf. Í ákvörðunum sínum og umsögnum skal nefndin gæta hlutleysis og hafa einkum að leiðarljósi að ekki sé gengið á hlut einhvers umsækjanda.

Um hverja umsókn skulu fjalla tveir lækna stöðunefndar auk formanns. Einn stöðunefndarmanna skal, eftir því sem unnt er, vera af því sviði sem sótt er um starf á. Við veitingu skemmri staðgengilsstarfa en til eins árs, þarf ekki nauðsynlega að leita álits stöðunefndar eða stjórnar lækna ráðs.

Við mat á hæfni umsækjenda til að gegna auglýstum störfum skal stöðunefnd miða við “Reglur og leiðbeiningar fyrir stöðunefnd lækna ráðs um stöðuveitingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi” sem samþykktar voru á aðalfundi lækna ráðs LSH vorið 2004. Þessar reglur og leiðbeiningar eru aðgengilegar á heimasíðu LSH.


Að lokinni umfjöllun sinni, skal stöðunefnd gefa umsækjendum kost á að sjá umsögn nefndarinnar sem varðar þá sjálfa og gera athugasemdir við það. Að því loknu skal stöðunefnd leggja umsögn sína fyrir stjórn lækna ráðs til endanlegrar afgreiðslu.

Stöðunefnd kemur saman eins oft og nauðsynlegt er, í heild eða að hluta, samkvæmt ofanskráðu en getur unnið nauðsynlega samstarfsvinnu með rafrænum hætti eftir því sem þurfa þykir.

Formaður sendir stjórn læknaáðs yfirlit um störf nefndarinnar á liðnu starfsári eigi síðar en viku fyrir auglýstan aðalfund læknaáðs LSH.


Landspítala, 14. mars 2012

F.h. stjórnar læknaáðs LSH



Anna Gunnarsdóttir,
formaður læknaáðs LSH

Samþykkur erindisbréfi f.h. framkvæmdastjórnar LSH



Ólafur Baldursson,
framkvæmdastjóri lækninga LSH

13. apríl 2015

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala

Stjórn lækna ráðs Landspítala vill vekja athygli þína og óskar eftir stuðningi þínum við eftirfarandi máli í kjölfar nýgerða kjarasamninga lækna við ríkið. Stjórn lækna ráðs og fastanefndir á vegum þess, stöðunefnd, fræðslunefnd og valnefnd eru allar skipaðar sérfræðilæknum spítalans sem sinna þessum störfum umfram sinna hefðbundinna sérfræðistarfa við spítalann. Auk þess skipar stjórn lækna ráðs fulltrúa þess í ýmsar nefndir og ráð á vegum framkvæmdastjórnar Landspítala, bæði fast starfandi nefndir sem siðfræðinefnd, siðanefnd, vísindasjóð, lyfjanefnd og eftirlitsnefnd um sjúkraskrár ásamt störfum fyrir ýmsar nefndir og/eða vinnuhópa starfandi í styttri tíma við ákveðin verkefni.

Erfiðlega hefur gengið hin s.l. ár að fá lækna spítalans til að taka að sér þessi mikilvægu störf sem bætast þá við störf viðkomandi lækna sem eru í flestum tilvikum önnur kafnir við sína klínískum vinnu. Ekki hefur heldur verið möguleiki fyrr í kjarasamningum að launa sérstaklega fyrir þessi nefndarstörf sem við teljum svo mikilvæg.

Í nýgerðum kjarasamningum við LÍ og SKÍ teljum við að það opnist nú fyrst möguleiki á slíkri umbun í viðauka í Fylgiskjali II um röðum í þrep í nýrri launatöflu. Þar kemur fram í lið 1. að til þrepahækkunar hafi vægi stjórnunarstörf sem ekki teljast til hefðbundinna skyldustarfa. Einnig telst vinna sem tengist sérstökum verkefnum skv lið 4 sem nær til starfa hluta þessara nefnda til vægis til þrepahækkunar.

Fögnum við því að slík ákvæði hafi verið samþykkt og bæst við kjarasamning lækna. Læknaráð Landspítala óskar eftir því að þeir lækna spítalans sem sita í stjórnnum og ráðum lækna ráðs Landspítala og sem fulltrúar þess í nefndum og

vinnuhópum skipaðar af framkvæmdastjórn Landspítala hljóti sem umbun fyrir það launhækkun sem svari einu þrepi skv grein 1. og 4. í Fylgiskjali II, í þann tíma sem þeir sinni þeim störfum. Teljum við það auðvelda mönnun í þessi ráð og nefndir og efli starf þeirra.

Fyrir hönd stjórnar lækna ráðs Landspítala



Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs

Ályktanir aðalfundar lækna ráðs Landspítala 9. maí 2014

Spítalinn okkar

Landspítalinn er þjóðarsjúkrahús þar sem yfir 80% af allri þjónustu spítalans er sérhæfð þjónusta sem hvergi er veitt annars staðar á landinu. Landspítalinn stendur á tímamótum og ljóst er að ekki má draga það lengur að finna lausn á húsnæðisvanda spítalans.

Landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala hafa verið stofnuð og skorar lækna ráð Landspítala á stjórnvöld um að sameinast með þverpólítísku átaki um að leysa húsnæðisvanda spítalans hið fyrsta.

Mannekla lækna á Landspítala

Skortur á læknum við Landspítala og erfiðleikar við að fá unga sérfræðinga erlendis frá til starfa við spítalann er vaxandi vandamál. Meðalaldur lækna starfandi við spítalann fer hækkandi með hverju árinu og nú er svo komið að 65% yfirlækna og um helmingur sérfræðilækna spítalans eru eldri en 55 ára.

Lækna ráð Landspítala vill vekja athygli heilbrigðisyfirvalda á þessu vaxandi vandamáli. Skorum við á stjórnvöld að bregðast við hið fyrsta til að tryggja góða og aðlaðandi starfsaðstöðu. Gera þarf Landspítalann að samkeppnishæfum vinnustað fyrir unga sérfræðinga og tryggja þannig eðlilega endurnýjun starfskrafta lækna við spítalann.

Tækjabúnaður á Landspítala

Tækjabúnaður á Landspítala er að niðurlotum kominn eftir margra ára niðurskurð. Aukafjárveiting árið 2014 dugir skammt til að bæta upp það tap sem hefur orðið á undanförunum árum. Betur má ef duga skal. Almenn tæki eins og tölvusneiðmyndataeki bila reglubundið við spítalann vegna ofnotkunar. Landspítalinn er að verða eina háskólasjúkrahúsið á Norðurlöndum sem er ekki búíð jáeindaskanna og aðgerðarþjarka. Ljóst er að ef við gerum kröfu um að standa undir nafni sem háskólasjúkrahús

og geta boðið sjúklingum sömu meðferð og rannsóknartækni og nágrannalönd okkar þarf verulega innspýtingu fjármagns í tækjabúnað spítalans.

Læknaráð Landspítala skorar á stjórnvöld að setja Landspítalann í forgang til að tryggja spítalanum þann búnað og tækjakost sem þarf til að tryggja öryggi sjúklinga og nútímagæði í þjónustu hans.

Ályktun lækna ráðs Landspítala 24. september 2015

Þjóðarsjúkrahúsið okkar

Læknaráð Landspítala lýsir enn og aftur furðu sinni og gífurlegum vonbrigðum með skilningsleysi ráðamanna þjóðarinnar á vanda Landspítalans, sem endurspeglast í því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi fyrir árið 2015.

Eins og læknaráð Landspítala, framkvæmdastjórn spítalans og önnur fagfélög lækna hafa endurtekið bent á undanfarin ár er ljóst að staðan á Landspítala eftir langvinnt fjársveldi er algjörlega óásættanleg fyrir sjúklinga og starfsmenn spítalans. Aðbúnaður sjúklinga er óásættanlegur, eðlilegu viðhaldi og endurnýjun á tækjabúnaði spítalans er ábótavant, viðhaldi á húsnæði spítalans hefur ekki verið sinnt og atgervisflótti lækna frá spítalanum er raunveruleiki, eins og kemur fram í nýjum tölulegum upplýsingum frá Læknafélagi Íslands og Landlækni. Þetta leiðir til aukins álag á starfsmenn sem ýtir enn frekar á landsflóttu þeirra lækna sem eftir eru. Nauðsynlegt er að gera Landspítala að samkeppnishæfum vinnustað fyrir lækna til að sporna gegn þeirri þróun.

Að okkar mati er þjóðarsátt um það að styrkja þessa grunnstoð íslensks heilbrigðiskerfis sem Landspítalinn er. Það verður ekki gert nema með verulega auknu fjármagni til reksturs spítalans og fyrir nýjum framkvæmdum. Ekki er nægilegt að halda í horfinu heldur þarf verulega innspýtingu af fjármagni til að snúa þessari óheillapróun við. Stjórn lækna ráðs Landspítala telur mikilvægt að hefja framkvæmdir á nýjum spítala sem fyrst en engar áætlanir eru um slíkt í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015.

Læknaráð Landspítala skorar á Alþingi Íslands að endurskoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2015 með það að leiðarljósi að setja Landspítalann í forgang og tryggja honum nauðsynlega fjárveitingu til að hefja þá uppbyggingu sem er svo nauðsynleg starfsemi.

Ályktun lækna ráðs Landspítala 22. október 2014

Yfirvofandi vinnustöðvun lækna á Landspítala

Læknaráð Landspítala lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu lækninga á Landspítala. Mannekla er mikil á vissum sviðum og hafa margir sérfræðilæknar hætt störfum undanfarin ár, og tekið með sér sérþekkingu og hæfni sem erfitt er að bæta upp. Læknar Landspítalans hafa nú sinnt vinnu sinni án gildandi kjarasamnings í nær níu mánuði. Vegna ósamkeppnishæfra kjara hafa læknar boðað til vinnustöðvunar í kjarabaráttu sinni sem kemur til framkvæmdar eftir 7 daga ef ekki semst fyrir þann tíma. Ljóst er að vinnustöðvun lækna við Landspítala veldur mikilli truflun á starfsemi hans með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir sjúklinga og kemur til með að valda óöryggi og seinkun á meðferð þeirra.

Læknaráð Landspítala skorar á stjórnvöld að ganga frá kjarasamningi við lækna sem fyrst til að koma í veg fyrir þessa ógæfu.

Ályktun lækna ráðs Landspítala 3. desember 2014

Verkfall lækna

Stjórn lækna ráðs Landspítala lýsir yfir verulegum áhyggjum af stöðu lækna og áhrifa verfalls þeirra á starfsemi spítalans. Samkomulag um kjarasamninga hefur dregist óhóflega á langinn, og virðist sem engin lausn sé í sjónmáli. Verkfall lækna hefur gríðarleg áhrif á starfsemi spítalans. Aðgerðum, rannsóknum og göngudeildarviðtölum er frestað, og öll valstarfsemi liggur niðri á meðan verkfall er. Þjónustan við sjúklinga er því í lágmarki sem seinkar bata og getur hæglega ógnað öryggi þeirra. Enn hertari aðgerðir eru í sjónmáli eftir áramót ef ekki semst fyrir þann tíma.

Samkvæmt könnunum hefur meirihluti almennings skilning á stöðu lækna og styður að komið sé til móts við kröfur þeirra.

Heilbrigðisráðherra hefur lýst yfir skilningi og stuðningi við lækna.

Þreyta og uppgjöf er greinileg í hópi lækna og hafa nokkrir þeirra þegar tekið það stóra og erfiða skref að segja upp starfi sínu við spítalann. Við óttumst að fleiri lækna velji sömu leið ef ekki næst að semja um kjarasamninga sem fyrst. Það myndi hafa hörmulegar afleiðingar fyrir starfsemi spítalans og erfitt eða jafnvel ógerlegt að bæta upp þann missi í nánustu framtíð.

Stjórn lækna ráðs hvetur samningsaðila til að komast að samkomulagi án tafar svo hægt sé að tryggja áframhaldandi mönnun við spítalann og koma í veg fyrir frekari flótta lækna frá spítalanum.

Framtíð sérhæfðar heilbrigðisþjónustu og Landspítalans er í húfi!

Ályktun lækna ráðs Landspítala 13. apríl 2015

Ályktun um verkfall BHM

Stjórn lækna ráðs Landspítala lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu mála á spítalanum vegna yfirstandandi verkfalls aðildafélaga BHM. Störf háskólmenntaðra starfsmanna spítalans eru nauðsynleg spítalanum og veldur yfirstandandi verkfall alvarlegri röskun á starfsemi hans. Það ástand getur klárlega skapað ógn við öryggi sjúklinga.

Lækna ráð Landspítala hvetur sammingsaðila að ná sáttum sem fyrst svo starfsemi spítalans og þjónusta við sjúklinga þess geti haldið áfram að fullu.

Fyrir hönd stjórnar lækna ráðs

Anna Gunnarsdóttir formaður

26. maí 2015

Ályktun um verkföll hjá starfsmönnum Landspítala

Verkfall aðildafélaga BHM hefur nú staðið í tæplega 7 vikur og lausn virðist ekki í sjónmáli.

Áhrif þess eru gríðarleg á starfsemi Landspítalans þar sem starfsmenn BHM á spítalanum sinna nauðsynlegum störfum sem lúta að greiningu, meðferð og eftirfylgni á sjúklingum landsins. Ljóst er að eftir svona langan tíma hefur orðið óásættanleg töf á öllum þessum þáttum í meðhöndlun sjúklinga spítalans og uppsafnaður verkefnalisti er langur.

Stjórn lækna ráðs Landspítala lýsir enn á ný yfir þungum áhyggjum af stöðu mála á spítalanum vegna yfirstandandi verkfalls. Við þetta bætist við yfirvofandi verkfall hjúkrunarfræðinga, sem áætlað er að hefjist á miðnætti í kvöld ef ekki um semst fyrir þann tíma. Ljóst er að þá skapast fordæmalaust ástand á Landspítala. Ástand sem klárlega er ógn við öryggi sjúklinga landsins og er með öllu ólíðanlegt.

Nauðsynlegt er að um semjist sem allra fyrst þannig að starfsmenn BHM geti snúið aftur til starfa og að komið verði í veg fyrir yfirvofandi verkfall hjúkrunarfræðinga.

Fyrir hönd stjórnar lækna ráðs

Anna Gunnarsdóttir formaður

Aðalfundur læknaáðs Landspítala haldinn föstudaginn 9. maí 2014, kl. 13:00 í Hringsal, Hringbraut

Fundarstjóri: Jóhann Heiðar Jóhannsson
Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Dagskrá:

- 1. Skýrsla stjórnar**
- 2. Skýrslur nefnda**
- 3. Breytingar á starfsreglum**
- 4. Kosning stjórnar *)**
- 5. Kosning nefnda *)**
- 6. Önnur mál**

Í upphafi fundar tók Anna Gunnarsdóttir formaður læknaáðs til máls og lagði til að Jóhann Heiðar Jóhannsson yrði skipaður fundarstjóri og Örn Þ. Þorvarðarson fundarritari. Fundarmenn samþykktu tillöguna samhljóða og tók Jóhann við fundarstjórn og lagði til að gengið yrði til auglýstrar dagskrár.

Jóhann Heiðar gaf formanni læknaáðs því næst orðið og kynnti hún skýrslu stjórnar formanns og fór yfir starf læknaáðs síðastliðið starfsár.

1. Skýrsla stjórnar

Anna Gunnarsdóttir formaður læknaáðs greindi frá helstu atriðum í starfsemi ráðsins síðastliðið starfsár.

Í upphafi máls sín gerði formaður læknaáðs grein fyrir því hverjir hefðu setið í stjórn læknaáðs á starfsárinu og hverjir hefðu verið fulltrúar læknaáðs í nefndum Landspítala. Auk þess gerði formaður grein fyrir afkomu starfs- og gjafasjóðs læknaáðs á starfsárinu.

Anna sagði frá því að á starfsárinu hefðu verið haldnir 15 stjórnarfundir og fjórir almennir læknaáðsfundir. Auk þess voru fræðslufundir á vegum fræðslunefndar haldnir reglulega einu sinni í mánuði.

Anna greindi frá nokkrum helstu málum sem læknaáð hefur fjallað um á starfsárinu 2013 – 2014 og voru þessi sérstaklega tilgreind:

1. Lyflækningasvið Landspítala
2. Rekstur og fjárveitingar til Landspítala
3. Nýr Landspítali
4. Umsóknir um stöður sérfræðilækna
5. Magni – rannsóknarsjóður

6. Vísindaráð Landspítala
7. Aðrar fyrirspurnir sem bárust stjórn læknaáðs á starfsárinu.

Að lokinni framsögu Önnu var opnað fyrir umræðu um skýrslu formanns.

Jóhann Heiðar Jóhannsson þakkaði Önnu fyrir skýrslu formanns og hvatti lækna til að vera virkari í störfum innan stjórnmalaflokka til að hafa áhrif á stefnu þeirra um heilbrigðismál. Hann sagði mikilvægt að lækna spítalans létu í sér heyra úti í þjóðfélaginu um Landspítalann og starfsemi hans.

2. Skýrslur nefnda

- a) Anna Gunnarsdóttir, formaður læknaáðs, greindi frá starfi stöðunefndar á starfsárinu í fjarveru Sigurðar Kristjánssonar formanns stöðunefndar læknaáðs. Hún sagði það áhyggjuefni hve dræm sókn ungra sérfræðilækna er í lausar stöður sérfræðilækna á spítalanum. Á starfsárinu bárust 21 umsókn og í aðeins fjórum stöðum bárust fleiri en ein umsókn um stöðu.
- b) Páll E. Ingvarsson formaður fræðslunefndar læknaáðs greindi frá starfi fræðslunefndar læknaáðs á starfsárinu. Hann sagði fundi hafa verið í föstum skorðum á starfsárinu og féllu þeir í góðan jarðveg. Páll sagði mikilvægt að hafa tvennt í huga varðandi fræðslufundi læknaáðs en það er fræðslan og efling þeirra félagslegu tengsla sem myndast við fundina. Páll sagði að hugmyndir frá læknum um fundarefni mikilvægt fyrir starf fræðslunefndar.
- c) Engin starfsemi var í valnefnd á starfsárinu.

3. Starfsreglur læknaáðs

Engar tillögur voru lagðar fram um breytingar á starfsreglum læknaáðs fyrir fundinn.

4. Kosning í stjórn læknaáðs

Ekki kosið til stjórnar læknaáðs á fundinum.

5. Kosning í fastanefndir

Ekki voru kosnir fulltrúar í fastanefndir læknaáðs á fundinum.

6. Önnur mál

- a) Ályktunartillögur
Anna Gunnarsdóttir, formaður læknaáðs, kynnti þrjár ályktunartillögur.

I. Spítalinn okkar

Landspítalinn er þjóðarsjúkrahús þar sem allt að 84% af allri þjónustu spítalans er sérhæfð þjónusta sem hvergi er veitt annars staðar á landinu. Landspítalinn stendur á tímamótum og ljóst er að ekki má draga það lengur að finna lausn á húsnæðisvanda spítalans. Landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala hafa verið stofnuð og skorar læknaáð Landspítala á stjórnvöld um að sameinast með þverpólítísku átaki um að leysa húsnæðisvanda Landspítalans hið fyrsta.

II. Mannekle lækna á Landspítala

Skortur á læknum við Landspítala og erfiðleikar við að fá unga sérfræðinga erlendis frá til starfa við spítalann er vaxandi vandamál. Meðalaldur lækna starfandi við spítalann fer hækkandi með hverju árinu og nú er svo komið að 65% yfirlækna og um 50% sérfræðilækna spítalans eru yfir 55 ára aldri.

Læknaráð Landspítala vill vekja athygli heilbrigðisyfirvalda á þessu vaxandi vandamáli. Skorum við á stjórnvöld að bregðast við hið fyrsta til að tryggja góða og aðlaðandi starfsaðstöðu og skilyrði til að gera Landspítalann að samkeppnishæfum vinnustað fyrir unga sérfræðinga og tryggja þannig eðlilega endurnýjun starfskrafta lækna við spítalann.

III. Tækjabúnaður á Landspítala

Tækjabúnaður á Landspítala er að niðurlútum komin eftir margra ára niðurskurð. Þrátt fyrir aukafjárveitingu fyrir ár 2014 dugir það skammt til að bæta upp það tap sem hefur orðið á undanförunum árum. Betur má ef duga skal. Sjálfsögð tæki eins og tölvusneiðmyndataeki bila reglubundið við spítalann vegna ofnotkunar. Landspítalinn er að verða eina háskólasjúkrahúsið á norðurlöndum sem er ekki búið jáeindaskanna og aðgerðarþjarka. Ljóst er að ef við gerum kröfu um að standa undir nafni sem háskólasjúkrahús og geta boðið sjúklingum okkar sömu meðferð og rannsókartækni og nágrannalönd okkar þarf verulega innspýtingu í tækjabúnað spítalans.

Rætt um orðalag á tillögnum og voru þær samþykktar með örlitlum orðalagsbreytingum.

Jóhann Heiðar Jóhannsson lagði til að þessu væri vísað til stjórnar læknaráðs til lokafrágangs á orðalagi og samþykktu fundarmenn það einróma.

Fleira var ekki rætt á fundinum og þakkaði Jóhann Heiðar Jóhannsson formanni og stjórn læknaráðs fyrir mjög gott samstarf á síðastliðnu starfsári.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið kl. 14:25

**Almennur lækna ráðsfundur 26. september 2014 kl. 13:00
í Hringsal LSH, Hringbraut**

Fundarstjóri: Anna Gunnarsdóttir
Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Efni fundar:
Samskipti lækna við lyfjafyrirtæki – nýjar reglur.

Frummælandi:
Jakob Falur Garðarsson
Frumtök – samtök frumlyfjaframleiðenda

Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs setti fundinn og bauð frummælanda og fundarmenn velkoma til fundarins og gaf Jakob Fal Garðarssyni orðið.

Jakob sagði frá þeim reglum sem nú gilda og nýjum reglum sem taka gildi 1. janúar 2015. Þá eru smávægilegar breytingar gerðar á núgildandi reglum. Jakob sagði mikilvægt að hafa siðareglur. Frá 1. janúar 2015 verður að gefa upp nöfn starfsmanna og stofnanna sem hafa tekið við gjöfum. 2015 er fyrsta árið sem upplýsingar verða gerða opinberar.

Að lokinni framsögu fóru fram almennar umræður.

Fundarmenn voru sammála um mikilvægi góðra reglna í samskiptum lækna við lyfjafyrirtæki. En þeir lögðu áherslu á að samskiptin þyrftu að vera eðlileg á báða bóga en það hefur gerst að lyfjafyrirtæki hafa komi fram með órauhæfar kröfur í samskiptum sínum við lækna.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:00

Almennur lækna ráðsfundur 17. október 2014 kl. 13:00 í Hringisal LSH, Hringbraut

Fundarstjóri: Anna Gunnarsdóttir
Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Frummælendur:

Tómas Guðbartsson yfirlæknir og professor
Þorbjörn Jónsson formaður Læknafélags Íslands
Páll Matthíasson forstjóri Landspítala

Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs setti fundinn og bauð frummælendur og fundarmenn velkoma til fundarins og gaf fyrsta frummælanda, Tómasi Guðbjartssyni, orðið.

Tómas sagði Landspítalann heilsuspillandi vinnustað. Hann lýsti ástandi á húsnæði spítalans og aðstæðum á spítalanum. Tómas rakti sína sögu á spítalanum en gamla skrifstofa hans hefur verið lokuð í rúmlega tvö ár vegna myglusvepps.

Þorbjörn ræddi um fjölda lækna á Landspítala og yfirvofandi verkfall lækna. Hann fór yfir tölfræði sem snýr að læknum. Veruleikinn er að lækna eru að minnka við sig vinnu og ekki tekst að fá nýja lækna heim. Þann 1. janúar 2014 voru starfandi á Íslandi 1101 lækna á Íslandi, sem eru 296 landsmenn á hvern lækna. Á hinum Norðurlöndunum er þróunin sú að landsmönnum á hvern lækna fækkar en hér á landi er þróunin á hinn veginn.

Þorbjörn sagði verkfall lækna framundan og er það í fyrsta sinn sem reynir á verkfall allrar lækna stéttarinnar. Hann sagði ljóst að verkfallið mun valda truflun og óþægindum en markmiðið með því er ekki að skaða eða ógna öryggi.

Páll lýsti þróun heilbrigðisútgjalda frá 2001 og rakti jafnframt sögu sparnaðar á Landspítala. Fram kom hjá Páli að halli á rekstri Landspítalans 2013 var 1500 milljónir. Hann sagði stefna í að 1134 milljóna króna halli yrði á rekstur ársins 2014. Páll lýsti fjárþörfinni fyrir 2015 og ljóst er að miðað við fjárlög 2015 þarf að auka rekstrarfé um 4%. Páll sagði enn fremur frá þeim áskorunum sem eru framundan í rekstri spítalans næstu misseri

Páll ræddi byggingaáform sem hann sagði mjakast hægt áfram. Hann sagði flesta skilja mikilvægi nýrra spítalabygginga. Páll sagði staðsetninguna vera komna í gegnum deiliskipulag og að Hringbraut væri skásti kosturinn. Hann sagði hvernig eigi að byggja vera enn nokkuð opið. Hvað fjármögnun varðar þá á enn eftir að finna leiðir til hennar.

Að loknum framsöguerindum fóru fram almennar umræður.

Fundarmenn voru sammála um að ekki megi blanda saman umræðunni um kjarabaráttu lækna, rekstur Landspítala og nýbyggingaáform. Halda þarf öllum sjónarmiðum uppi en aðgreina þau eins og kostur er.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 14:30

Almennur lækna ráðsfundur 24. apríl 2015 kl. 13:00 í Hringisal LSH, Hringbraut

Fundarstjóri: Anna Gunnarsdóttir

Fundarritari: Örn Þ. Þorvarðarson

Efni fundar:

Betri heilbrigðisþjónusta 2013 – 2017

Yfirlýsing ráðherra og LÍ/SKÍ í tengslum við gerð kjarasamnings lækna

Hvernig náum við þeim markmiðum.

Frummælandi:

Björn Zoéga formaður verkefnastjórnar um betri heilbrigðisþjónustu.

Anna Gunnarsdóttir formaður lækna ráðs setti fundinn og bauð frummælanda og fundarmenn velkoma til fundarins og gaf Birni Zoéga orðið.

Í erindi sínu kynnti Björn meginefni yfirlýsingarinnar. En meðal þess sem þar kemur fram er að heilbrigðiskerfi okkar á að búa við sambærilegan ramma hvað varðar þjónustu og fjölda starfsmanna og önnur Norðurlönd. Björn sýndi upplýsingar um rekstrarútgjöld heilbrigðisþjónustu ríkja OECD. Auk þess sýndi hann tölur um fjölda íbúa á hvern starfsmann, lækna/hjúkrunarfræðinga og meðaltalstölur fyrir tímabilið 2000 – 2013.

Björn ræddi enn fremur um stýringu innan heilbrigðiskerfisins og sagði að fast verður haldið við þá stefnu sem var mörkuð með fjárlögum ársins 2014. Hann sagði ekki hægt að mæta áskorun heilbrigðisþjónustu með auknum fjármunum eingöngu. Björn sagði að bæta þyrfti starfsaðstöðu með ýmsun hætti svo sem byggingu nýs Landspítala og endurnýjun tækjabúnaðar. Hann sagði mikilvægt að tryggja markvissa fjárfestingu í húsnæði og tækjum.

Að lokinni framsögu Björns var opnað fyrir almennar umræður. Fundarmenn lýstu ánægju með störf verkefnastjórnarinnar og sögðu mikilvægt að vinna skipulega og markvisst að þessum málum.

Að loknum almennum umræðum þakkað fundarstjóri Birni fyrir komuna og fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 14:45

Fræðslufundur lækna ráðs starfsárið 2014 - 2015

Reglulegir föstudagsfundir á haustmisseri:

Dags:	Efni:	Fyrirlesarar
September		
12. september 2014	Sjálfsvíg og hvað svo?	Óttar Guðmundsson geðlæknir <i>Saga og þöggun sjálfsvíga</i> Engilbert Sigurðsson geðlæknir <i>Sjúkratilfelli og leiðir til að styðja aðstandendur</i>
Október		
10. október 2014	Ebóla, vandamál okkar allra	Bryndís Sigurðardóttir, smitsjúkdómalæknir, LSH
Nóvember		
14. nóvember 2014	Nóbelsverðlaun í lífeðlis- og læknisfræði 2014	<i>Inngangsorð:</i> Haukur Hjaltason, Dr.Med., dósent við læknadeild HÍ, taugalæknir, Taugalækningadeild LSH <i>GPS kerfi heilans:</i> Karl Ægir Karlsson, doktor í taugavísindum, prófessor við Tækni og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík, hópstjóri í Lífvísindasetri Háskóla Íslands
Desember		
12. desember 2014	„Valdavía – valdafín – valdhroki“	Torfi Magnússon taugalæknir Landspítala

Reglulegir föstudagsfundir á vormisseri:

Dags:	Efni:	Fyrirlesarar:
Janúar 2014		
9. janúar 2015	Fundur með nýjum landlækni um stöðuna í íslenskum heilbrigðismálum	Birgir Jakobsson landlæknir
Febrúar		
13. febrúar 2015	Læknar og fjölmiðlar; tækifæri eða tímasóun?	Anna Sigrún Baldursdóttir aðstoðarmaður forstjóra

		Landspítala
Mars		
13. mars 2015	Í samstarfi við og einnig sem hluti af Vísindadegi Félagsráðgjafa	<p><i>Samhæfing og samhengi</i> Anna Rós Jóhannesdóttir yfirfélagsráðgjafi LSH</p> <p><i>Eru geðræn veikindi, fíknihæðun og félagslegur vandi á meðgöngu áhættuþættir í tengslamyndun móður og barns? Samvinna heilbrigðisstétta í greiningu og meðferð</i> Guðlaug M. Júlíusdóttir félagsráðgjafi MA og Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi og fjölskylduþerapisti</p>
Apríl		
10. apríl 2015	Bólufreðinn og útúrspíttaður	Guðrún Dóra Bjarnadóttir deildarlæknir á geðsviði og doktorsnemi við HÍ
Maí		
8. maí 2015	FOAM Nútíma kennsluefni í nútíma læknisfræði	Davíð Þórisson bráðalæknir, klínískur ráðgjafi HUT Hjalti Már Björnsson bráðalæknir, kennslustjóri bráðalækninga

MIÐVIKUDAGUR 27. maí 2015

Verkföll hjá veikri þjóð

Vegna verkfalls verðum við að biðja þig að koma á morgun. Því miður þurfum við að færa keisaraskurðinn þinn sem var áætlaður í dag um nokkra daga vegna verkfalls ljósmæðra. Mér þykir það leitt en við vitum ekki hvað kom út úr blóðprufunni þinni í síðustu viku því það er verkfall.

Þetta hefur verið minn veruleiki í vinnunni síðastliðnar vikur. Það að geta ekki svarað fólki hverjar niðurstöður rannsókna séu eða hvenær skurðaðgerð verði framkvæmd er með öllu ólíðandi.

Á hverju kvöldi birtast myndir í fréttum af grísum sem ekki verður slátrað en það koma engar myndir af sjúklingum sem fá ekki viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Sjúklingar virðast ekki vera sterkur þrýstihópur og þeir hafa ekki talsmenn sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta eins og grísirnir. Veikindi þeirra fara ekki í verkfall heldur versna í sumum tilfellum. Á meðan bíða allir eftir að samningar takist en það virðist vera nokkurs konar störukeppni eða þegjandaleikur í gangi. Allir eru að bíða eftir að hinir semji og ekkert gerist á meðan, ekki haldnir fundir í marga daga. Það hvílir mikil ábyrgð á þeim sem sitja í samninganefndum beggja vegna borðsins.

Af Austurvelli berast þær fréttir að alþingismenn deili um þingsköp forseta og ræði Rammaáætlun fram á nótt dag eftir dag. Alþingismenn voru kosnir af þjóðinni til þess að leiða okkur áfram upp úr kreppunni og rétta hlut þeirra sem minna mega sín. Verða alþingismenn ekki að standa í lappirnar og taka á erfiðum málum eins og þeim kjaradeilum sem nú standa yfir? Það verður fróðlegt að vita

HEILBRIGÐIS- MÁL



Ebba Margrét Magnúsdóttir
varaformaður
læknaráðs
Landspítalans

→ Forstjóri Landspítala og landlæknir hafa báðir tjáð sig um ástandið og læknaráð Landspítalans hefur sent frá sér ályktanir sem hafa ratað á forsíður dagblaðanna. En lítið virðist tekið mark á þessum ummælum.

hvað gerist þegar flug fer að raskast vegna verkfalls og aflýsa þarf Smáþjóðaleikum svo eitthvað sé nefnt. Ætli Rammaáætlun geti þá beðið?

Lítið mark tekið á

Forstjóri Landspítala og landlæknir hafa báðir tjáð sig um ástandið og læknaráð Landspítalans hefur sent frá sér ályktanir sem hafa ratað á forsíður dagblaðanna. En lítið virðist tekið mark á þessum ummælum. Það er eins og oft áður, þetta reddast og sleppur fyrir horn er hugsunin sem ræður ríkjum. Nú þegar hjúkrunarfræðingar, en þeir eru þriðjungur starfsfólks Landspítalans, fara í verkfall stefnir í fordæmalaust ástand eins og forstjóri nefnir í síðasta föstudagspistli sínum.

Hetjur okkar tíma sem sungið var um nú um liðna helgi eru sjúklingar sem fá ekki afgreiðslu sinna mála heldur eru settir á bið. Sú bið er óþolandi og ekki sæmandi menntaðri þjóð sem telur sig búa í velferðarsamfélagi. Ég mótmæli þessu ástandi og skora á þá sem að máli koma að semja og leysa þessa deilu þannig að veikt fólk verði ekki þolendur í kjaradeilu veikrar þjóðar í verkfalli.

